

**SKOÐUN** Steinunn Ólína skrifar um karlmannlegt höfuðlag útvarpsstjóra og illskiljanleg einkaskilaboð. 13



**MENNING** Hljómsveitin Sísí Ey spilar á tónlistarhátíðinni Sónar í Stokkhólmi á næsta ári. 30



**SPORT** Landsliðsmarkvörðurinn Hannes Þór Halldórsson er farinn frá KR til Noregs. 26


Kaupum gull
silfur, demanta, málverk og vönduð úr.
3. HÆÐ Í KRINGLUNNI (Hjá Læknastöðinni)
Sími: 661 7000 // www.kaupumgull.is
KAUPUM GULL KG



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
4. desember 2013
285. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


# Ráðherra segir PISA áfall og vill grandskoða skólakerfið

Menntamálaráðherra segir niðurstöðu PISA-könnunar vandamál samfélagsins alls. Kennarasambandið kennir niðurskurði til menntamála um. Forstöðumaður trúði vart tölunum yfir þróunina á landsbyggðinni.

**MENNTAMÁL** Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, segir niðurstöðu alþjóðlegrar könnunar (PISA) um námsstöðu grunnskólanemenda í 10. bekk áfall fyrir þjóðina. Könnunin sýnir að nálægt því einn af hverjum þremur fimmtán ára strákum les sér ekki til gagns. Staða krakkanna víða á landsbyggðinni er í frjálsu falli.

„Þetta er ekki einangraður vandi þeirra krakka sem eru að mælast svona illa. Þetta er vandamál samfélagsins alls,“ segir Illugi. „Við getum ekki með nokkru móti komist undan því að horfa með mjög krítískum hætti á skólakerfið okkar. Fyrsta sem við verðum að gera er að horfast í augu við þessa staðreynd og viðurkenna vandann. Við verðum að skoða kennaramenntunina, og inntak hennar. Við verðum að meta skólagögnin almennt og hvernig við prófum og mælum – hvernig við fylgjumst með. Við verðum að skoða kennsluaðferðirnar – til dæmis með lestrinum.“

Júlíus K. Björnsson, forstöðumaður Námsmatsstofnunar, sem framkvæmdi rannsóknina fyrir hönd menntamálayfirvalda, segir að ekki megi draga úr því að íslenskum skólabörnum líður vel í skólanum; þau séu ánægð og sjálfsörugg. En hann dregur ekki úr alvöru málsins.

„Ég hef bara upplifað það tvisvar að sjá tölur sem ég trúði ekki í fyrstu. Það var fyrst árið 2003 þegar gífurlegur kynjamunur kom fram í stærðfræði, en þá stóðu stelpurnar sig miklu betur. Þetta er í hitt skiptið þegar munurinn á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu er orðinn þetta mikill. Síðustu tólf ár hefur þessi munur gengið úr hófi fram. Fallið á sumum svæðum jafngildir heilu skólaári,“ segir Júlíus.

Kennarasamband Íslands sendi frá sér tilkynningu í gær. Þar segir að niðurstöðurnar sýni að ekki sé hægt að krefjast sífellt meiri sparnaðar og aðhalds án þess að það komi niður á skólakerfinu. „Ljóst er að sparnaðurinn er nú farinn að bitna á einstökum nemendum jafnt sem skólakerfinu í heild sinni,“ skrifar Þórður Árni Hjaltested, formaður Kennarasambandsins.

- shá / sjá síðu 6

## Niðurstöður fyrir Ísland í hnotskurn

- Frammistaða íslenskra nemenda versnar verulega frá 2009 og sé horft til allra PISA-mælinga frá upphafi, þá hefur nemendum hrakað sem nemur um hálfu skólaári á síðasta áratug.
- Ísland ásamt Svíþjóð er með lökustu frammistöðu allra Norðurlandanna.
- Verulegur munur er á höfuðborgarsvæði og landsbyggð í öllum greinum og hefur afturförin orðið mest á landsbyggðinni þó svo höfuðborgarsvæðið hafi einnig látið undan síga.
- Piltum hefur farið verulega aftur í lesskilningi og stærðfræðilæsi, og eru nú um 30% þeirra á tveimur neðstu þrepum lesskilnings og um 20% á neðstu þrepum stærðfræðilæsis.
- Frammistaða íslenskra nemenda í náttúrufræðilæsi er sú lakasta af öllum Norðurlöndunum.



**VERKSUMMERKI RANNSÓKUÐ** Greinileg för eftir haglabyssuskot sjást á veggjum og hurð nágranna í stigagangi fjölbýlishúss í Árbæ þar sem maður lést í skotbardaga við lögreglu í fyrrinótt. Lögregla rannsakaði vettvang í gær og gæti rannsóknin staðið út þessa viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bróðir Sævars Rafns Jónassonar um skotbardagann þar sem Sævar lést:

# Lögregla gat ekkert annað gert

**LÖGREGLUMÁL** Gunnar Kristján Jónasson, bróðir Sævars Rafns sem lést í átökum við lögreglu í fyrrinótt, segist hugsa til þeirra sem lentu í kúlnahríðinni. Hann geti ekki séð að lögregla hafi getað brugðist við með öðrum hætti en hún gerði.

„Satt best að segja átti maður von á því að fá frétt af þessum manni á hinn veginn, að hann hefði orðið einhverjum að bana,“ segir Gunnar Kristján.

Vettvangsrannsókn á íbúð Sævars í Árbæ og á stigagangi fjölbýlishússins stóð allan daginn í gær og er hvergi nærri lokið. Lögregla býst jafnvel við að rannsókn geti staðið út þessa viku.

Hrannar Jónsson, formaður Geðverndar, gagnrýnir hins vegar viðbrögð lögreglu. Ráðist hafi verið til atlögu þegar ekki stafaði lengur hætta af manninum.

- fb / sjá síðu 4

Fengu inni í stórverslunum:

# Rússar vilja íslensk ilmvötn

**TÍSKA** Ilmhönnuðurinn Andrea Maack er nýkomin frá Moskvu, en vörur hennar hafa slegið rækilega í gegn í Rússlandi. Rússneskir fjölmiðlar sýndu Andreu og vörum hennar talsverðan áhuga.

„Við héldum móttökur í þremur risastórum verslunum, meðal annars versluninni Tsum í Moskvu sem er einn voldugasti verslunarrisinn þar í borg,“ segir Andrea, en Tsum er stærsta deildaskipta sérvöruverslun í Austur-Evrópu, með yfir þúsund þekkt tískumerki á sínum snærum, meðal annars merki á borð við Harry Winston, Rolex, Dior, Chanel og svo mætti lengi telja.

- ósk sjá nánar/bls 30

## MARKAÐURINN



### Hátækni komin í fang Landsbankans

Landsbankinn hefur keypt allt hlutafé í tæknifyrirtækinu Hátækni. Fyrirtækið hefur glímt við rekstrarvanda síðustu misseri.

## FRÉTTIR


**Framkvæmdir trufla** Kaupmenn segja framkvæmdir á Hverfisgötu trufla jólaverslun. Þeim mun ekki ljúka fyrr en eftir jól. 2

**Víða pottur brotinn** Á vefsíðum margra íslenskra fyrirtækja eru lykilorð notenda ekki dulkóðuð og því hætta á því að þau lendi í röngum höndum. 8

**Hækka frístundastyrk** Borgarstjórn ákvað í gær að hækka styrki til barna vegna frístundastarfs. 10





12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -9° | NA | 7 |
| Akureyri | -8° | N | 7 |
| Egilsstaðir | -8° | NV | 8 |
| Kirkjubæjarkl. | -4° | NV | 8 |
| Reykjavík | -4° | NV | 5 |

**FROST Á FRÓNI** Yfirleitt norðan 8-13 m/s en 10-18 A-lands og við SA-ströndina síðdegis. Él N-til en léttir til syðra. Frost 0-12 stig, kaldast inn til landsins. 4

## 3 SÉRBLÖÐ

Sjónvarpsvísir | Markaður | Fólk





Vefverslun Krumma
LEIKFÖNG Í ÚRVALI





www.krumma.is
Gylfaflöt 7
112 Reykjavík
587-8700
www.krumma.is

GJAFABRÉF Í ÚRVALI
Gefðu ávísun á góða heilsu í jólagjöf
World Class ICELAND
LAUGARSPA

JOE BOXER®
Kringlunni • Smáralind

## SPURNING DAGSINS



Þorleifur, er allt í hakki í fjarskiptamálum Íslendinga?

**„Við Íslendingar erum svo seigir að við erum ekki auðhakkanlegir.“**

Þorleifur Jónasson, forstöðumaður tæknideildar Póst- og fjarskiptastofnunar, stýrir netöryggissveitinni sem rannsakar innbrot á íslenskar vefsíður.

Framkvæmdastjórn ESB segir upp IPA-styrkjum til verkefna á Íslandi:

# Kemur ráðherra í opna skjöldu

**EVRÓPUMÁL** Íslendingar fá ekki frekari styrki tengda IPA-verkefnum. Skrifstofa stækkunarmála framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins hefur fyrirvaralaust tilkynnt ákvörðun um að hætta öllum stuðningi við þau fimm IPA-verkefni sem hafin voru hér á landi.

Samningunum er sagt upp með tveggja mánaða fyrirvara og verða bréf þess efnis send út á næstu dögum.

Í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu segir að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar komi Íslendingum í opna skjöldu, sérstaklega þegar litið er til þess að framkvæmdastjórnin hafi á fyrri stigum gefið til kynna að öllum IPA-verkefnum sem hafin væru yrði lokið án tillits til mögulegrar aðildar að bandalaginu.

Búið er að koma óánægju íslenskra stjórnvalda með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar á framfæri við ESB.

Talsmaður utanríkisráðuneytisins sagði í samtali við Fréttablaðið að ekki lægi fyrir á þessu stigi hver kostnaðurinn við að ljúka verkefnunum gæti orðið. **- jme**



**RÁÐHERRA Í BRUSSEL** ESB hefur tilkynnt að Íslendingar fái ekki IPA- styrki.

Sýruárás á ballettstjóra:

# Dansarinn fær fangelsisdóm

**RÚSSLAND, AP** Pavel Dimitrítsjenkó, einn þekktasti dansari Bolsjoí-ballettsins, var dæmdur í sex ára fangelsi vegna sýruárásar á stjórnanda ballettsins, Sergei Filin, í janúar síðastliðnum.

Filin hlaut alvarlegan skaða á andliti, ásamt því að missa að mestu sjón á öðru auga og 20 prósent sjón á hinu auganu.

Júrí Zarutskí, sem framkvæmdi árásina, hlaut tíu ára fangelsi en samverkamaður hans, Andreí Libatov, fjögur ár. **- gb**



**ÉLJAGANGUR** Það gekk á með éljum á höfuðborgarsvæðinu í gær. Spáð er björtu en köldu veðri á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Spáir ísköldum heiðskírum vetrardegi í höfuðborginni

# Kaldasti dagur ársins í Reykjavík

**„Það er harðnandi frost á landinu öllu í dag og á morgun heldur áfram að kólna. Morgundagurinn gæti orðið einn kaldasti dagur ársins á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Haraldur Ólafsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands. Í dag er spáð 5 til 8 stiga frosti á höfuðborgarsvæðinu en á morgun er spáð 8 stiga frosti um hádegisbilið, það heldur áfram að kólna eftir því sem líður á daginn og um miðnætti gæti frostið orðið á bilinu 16 til 18 stig. Um leið og frostið harðnar birtir til og á morgun er spáð heiðskíru veðri suðvestan til á landinu. Á föstudag hlýnar aftur í veðri suðvestan til á landinu og þá gæti orðið talsverð snjókoma.** **- jme**

Yfir 20 þúsund fílar drepnir:

# Afríkufílar í hættu staddir

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Á síðasta ári voru um 22 þúsund fílar drepnir í Afríku. Það er heldur minna en árið áður þegar 25 þúsund fílar voru drepnir.

Afrískir fílar eru engu að síður í útrýmingarhættu. Óttast er að allt að fimmtungur Afríkufíla falli fyrir hendi veiðiþjófa á næstu tíu árum, ef veiðiþjófnaður heldur áfram í sama mæli og hingað til.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá CITES, alþjóðlegri eftirlitsstofnun með verslun með tegundir í útrýmingarhættu. **- gb**

Ný lög um neytendamál:

# Umboðsmaður lagður niður

**NEYTENDUR** Samkvæmt nýlega samþykktum lögum um neytendamál verður embætti talsmanns neytenda lagt niður og verkefni embættisins færð til Neytendastofu.

Þetta á að spara ríkissjóði tæpar 15 milljónir á ári.

Lögin eru liður í endurskipulagningu neytendamála og byggjast á tillögu starfshóps sem skipaður var 2011 en hlutverk hans var að fara yfir skipan neytendamála, hlutverk ráðuneyta og stofnana auk þess að skoða hlutverk frjálsra félagasamtaka í neytendamálum. **- jme**



**FRAMKVÆMDIR** Lokun Hverfisgötu hefur truflað umferð í miðbænum síðustu mánuði en framkvæmdum mun ljúka að mestu leyti um miðjan desember. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lokun á Hverfisgötu trufli jólaverslunina

Kaupmenn segja framkvæmdir á Hverfisgötu trufla jólaverslun. Framkvæmdum átti að ljúka í nóvember en þær munu ekki klárast endanlega fyrr en eftir jól. Miðborgarstjóri er bjartsýnn og segir hátíðarstemningu alltaf ríkja í bænum.

„Þessar framkvæmdir á Hverfisgötu hafa áhrif á Laugaveginn og náttúrulega sérstaklega á þá sem eru í hliðargötum og á Hverfisgötu. Ég myndi ekki vilja vera í þeirra sporum,“ segir Hákon Jónsson, framkvæmdastjóri Jóns og Óskars á Laugaveginum.

Hann segir jólaverslun hafa farið rólega af stað í miðbænum og hann hafi áhyggjur af því að framkvæmdir á Hverfisgötu muni hafa slæm áhrif á hana í desember. „Fólk nennir ekki að standa í veseni. Ef það heldur að það sé vesen að komast leiðar sinnar þá fer það mögulega eitthvert annað.“

Hugrún Dögg Árnadóttir, eigandi Kronkron, er fegin að það sé búið að opna Hverfisgötuna hjá hennar verslun. „Það væri náttúrulega rosa gott ef gatan væri opnuð fyrir jól. Við erum búin að finna fyrir þessu í allt sumar. En við erum borubrött og bjartsýn fyrir jólin.“

Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar, segir að verklok við Hverfisgötu hafi átt að vera í lok nóvember samkvæmt upphaflegum áætlunum.

„Þetta mun að mestu klárast um miðjan desember. Núna eru margir mikilvægir kaflar að klárast en eitthvað klárast ekki fyrr en eftir jól. Reykjavíkurborg skilur áhyggjur rekstraraðila í miðborginni og allt kapp verður lagt á að hraða framkvæmdum eins og unnt er.“ erlabjorg@frettabladid.is

## Samt alltaf stemning í miðbænum

„Auðvitað er hættulegt að standa í framkvæmdum á háannatíma en góðu fréttirnar eru að þetta mun skila miðborginni einhverri glæsilegustu götu sem hefur sést í borginni,“ segir Jakob Frímann Magnússon, miðborgarstjóri. „En stemningin er til staðar í miðbænum þrátt fyrir framkvæmdir. Það hefur verið lagt meira í jólaskreytingar og viðburðahald. Frá og með 12. desember verður opnunartími lengdur og fólk getur notið verslana, veitingastaða og alls þess sem miðbærinn hefur upp á að bjóða.“



**JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON**

GILDIR MIÐVIKU- & FIMMTUDAG
48 TÍMA OFURTILBOÐ
Electrolux
EOA-5751AOX Ofn
Glæsilegur XXL 74 lítra ofn í algjörum toppklassa.
✓ Kjöthitamælir.
✓ Katalískur sjálfhreinsibúnaður.
✓ LED skjár með snertitökkum og aðgerðarvali.
✓ 11 eldunarkerfi þ.á.m. pizzakerfi.
✓ Útdraganlegar brautir.
✓ Velvet closing hæglokun á hurð.
✓ A-20% orkuflokkur.
✓ IsoFront kæld fjórglerjuð ofnhurð.
✓ Fingrafarafrítt stál og svart gler.
✓ Fullt verð kr. 199.900.
TOPPMÓDEL

VERÐ MIÐVIKU- & FIMMTUDAG KR.
119.900
SPARAÐU 80.000
Rafha ehf
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500 www.rafha.is

Fjárframlög til Landspítalans gætu aukist um þrjá til fjóra milljarða:

# Málið snúist um pólitískan vilja

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjárframlög til Landspítalans verða aukin um þrjá til fjóra milljarða króna frá upphaflegum forsendum fjárlagafrumvarpsins, þetta kom fram í kvöldfréttum Stöðvar tvö í gær.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**

Þrátt fyrir aðkallandi vanda Landspítalans var ekki gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til spítalans í fjárlagafrumvarpinu eins og það var lagt fram í byrjun október. Þá féll niður tímabundið framlag til tækjakaupa að upphæð 600 milljónir króna. Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, boðaði í gær stórauknar fjárveitingar til spítalans.

Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður nefndarinnar, segir að unnið hafi verið að því að finna fjármuni fyrir spítalann. Hann segir að það liggi ljóst fyrir að það sé víða hægt að spara í kerfinu. Málið snúist um póltískan vilja.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra vildi ekki tjá sig um nákvæmar upphæðir í þessu samhengi en segir alla af vilja gerða að auka svigrúmið til Landspítalans.



**LANDSPÍTALINN** Stjórnvöld leita nú allra leiða til að auka framlög til Landspítalans um þrjá til fjóra milljarðar á næsta ári.

„Markmiðið er að grunnþjónusta heilbrigðismála í landinu geti styrkst og haldið sínum styrk. Það er okkar stóra markmið í fjárlagafrumvarpsgerðinni fyrir árið 2014. Það vantar upp á að svo sé,“ segir ráðherra sem á næstu dögum mun kynna áætlun um tækjakaup fyrir Landspítalann og Sjúkrahúsið á Akureyri til ársins 2017. **- eb, þþ**




**Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar.** Geysir Skólavörðustíg, Akureyri og Geysir Haukadal. www.geysir.com Sími 519 6000.

E&Co.

## SVONA ERUM VIÐ



**109.000** **tonn af úrgangi**
**voru tekin í almennri sorphirðu frá heimilum landsins árið 1995**

**Fimm árum síðar var sú tala 88.000 tonn, en árið 2005 voru tonnin aðeins 55.000.**

Það sem skýrir þessa þróun er síaukin endurvinnsla.

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Aldurstakmarkanir heilbrigðisstarfsfólks í lögum endurskoðaðar:

# Eldri læknar fá að starfa lengur

**HEILBRIGÐISMÁL** Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur látið hefja endurskoðun laga um heilbrigðisstarfsmenn vegna ákvæðis um að heilbrigðisstarfsmanni sé óheimilt að reka eigin stofu eftir sjötugt. Frumvarp verður lagt fram á vorþingi og litið til þess að breyta lögum til samræmis við löggjöf nágrannaríkja.

Í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Bretlandi og Þýskalandi eru engin aldursmörk fyrir sjálfstætt starfandi lækna.



**KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON**



**SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR**

Þetta kom fram í svari Kristjáns Þórs við fyrirspurn Sigríðar Ingu Ingadóttir, þingmanns Samfylkingarinnar, á Alþingi á mánudag.

Kristján sagði að flestir þeirra lækna sem hann hefði rætt við um málið væru fullfrískt fólk sem hefði mikið fram að færa og bætti við að „það skal viðurkennt að þjóðfélagið hefur fulla þörf fyrir hæfni þessara einstaklinga til að sinna þeim verkum sem þeir telja sig best færa til“.

Samkvæmt eldri lögum mátti læknir starfa á eigin stofu til 75 ára aldurs og sækja þá um leyfi til læknis til eins árs í senn. **- shá**

Ritstjóri um uppljóstranir:

# Eitt prósent gagnanna birt

**BRETLAND** Alan Rusbridger, ritstjóri The Guardian, segir aðeins um eitt prósent gagna frá uppljóstraranum Edward Snowden hafa verið birt. Alls hafi blaðinu borist um 58 þúsund skjöl frá Snowden.

Þetta sagði hann í yfirheyrslu hjá innanríkismálanefnd breska þingsins í gær. Hann sakar bresk stjórnvöld um að hafa beitt beinum og óbeinum hótunum í von um að hræða blaðið frá því að birta upplýsingar frá Snowden. **- gb**

# Líklegra að bróðirinn banaði manni

Bróðir Sævars Rafns Jónassonar sem var skotinn til bana í Hraunbæ á mánudagsmorgun bjóst frekar við því að hann yrði einhverjum að bana en ekki öfugt. Hann hafði verið í fangelsi og á stofnunum allt sitt líf. Eftir að fíknin náði tökum á honum hvarf karakterinn.

**LÖGREGLUMÁL** Gunnar Kristján Jónasson, bróðir Sævars Rafns Jónassonar, sem var skotinn til bana í Hraunbæ á mánudaginn, telur að lögreglan hafi brugðist rétt við á vettvangi.

„Ég hugsa til þeirra sem lentu í kúlnahríðinni og get ekki séð að þeir hafi getað brugðist á nokkurn annan hátt við. Satt best að segja átti maður alltaf von á því að fá fréttir af þessum manni á hinn veginn, að hann hefði orðið einhverjum að bana,“ segir Gunnar.

Í samtali við kvöldfréttir Stöðvar 2 í gær sagði Anna Jóna Jónasdóttir, systir Sævars, að hann hafi fyrir nokkrum mánuðum hótað því að grípa til vopna og drepa annað fólk. „Við erum harmi slegin yfir þessum atburði, en þökkum fyrir að hann hafi fallið en ekki einhver annar.“

Systkini Sævars vilja að harmleikurinn verði nýttur til góðs, þannig að hægt verði að benda á það sem betur má fara í geðheilbrigðismálum. „Það er mjög sérstakt að svona fólk skuli búa á meðal venjulegs fólks þegar vitað er að það stafar af því hætta,“ segir Gunnar. „Þetta er sorgarsaga fyrir geðheilbrigðismál á Íslandi hvernig tekið er á þessu. Við viljum að það fari í gang umræða um þessi mál.“

Gunnar segist hafa verið í litlu sambandi við Sævar. „Því miður hefur það verið þannig. Það var ekki hægt að vera í miklu sambandi við hann. Systur hans lögðu það á sig svolítið en hann var bara ekki hæfur til neinna samskipta, hann var það veikur. Hann var búinn að vera veikur í áratugi, frá því hann var um tvítugt. Hann hafði „droppað“ inn og út úr fangelsum og verið í stuttum heimsóknum á stofnunum. Síðan var honum bara hent út í strauminn sem hann ræður ekkert við og kann engin sundtök.“

Gunnar heldur áfram: „Þetta var mjög hæfileikaríkur einstaklingur sem ungur maður en um leið og fíknin náði tökum á honum þá hvarf karakterinn og einhver annar, bara fíkill, varð til og réð síðan ríkjum. Því miður er þetta bara sorgarsaga.“

**freyr@frettabladid.is**

> **[Sævar] var hæfileikaríkur einstaklingur sem ungur maður en um leið og fíknin náði tökum á honum þá hvarf karakterinn**
>
> *Gunnar Kristján Jónasson bróðir Sævars Rafns Jónassonar*



**Á VETTVANGI** Tæknideild lögreglu var við störf á vettvangi í gær. Á myndinni sést inn í íbúð Sævars Rafns, og kúlnagöt á veggnum eftir að hann skaut á lögreglumenn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### → Með sérþjálfaða samningamenn

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru sérþjálfaðir samningamenn, sem eru hluti af sérsveitinni, á vettvangi í Hraunbæ á mánudaginn. Reyndu þeir ítrekað að ná sambandi við Sævar Rafn en án árangurs.

Fréttablaðið hefur reynt að fá upplýsingar um fleiri aðgerðir lögreglunnar, þar á meðal hvort hægt hafi verið að fá starfsmann heilbrigðissviðs á vettvang til að reyna að ræða við Sævar og hvort ekki hefði verið hægt að bíða eftir því að hann kláraði skotfæri sín og ráðast svo inn til hans, en fékk þau svör frá embætti ríkislögreglustjóra að það mætti ekki veita slíkar upplýsingar á meðan rannsókn málsins stæði yfir.

## Sérsveitin hefði aldrei átt að ráðast inn í íbúðina



**HRANNAR JÓNSSON**

Hrannar Jónsson, formaður Geðhjálpar, telur að sérsveitin hefði ekki átt að ráðast til inngöngu gegn Sævari Rafni.

„Þeir ráðast til inngöngu eftir tvo klukkutíma þegar allt fólkið er farið og engin hætta á ferðum. Þegar upp er staðið er ein manneskja sem hefur beðið varanlegan skaða af þessu og það er þessi maður,“ segir Hrannar, aðspurður.

Hann telur að sá sem gaf skipunina um að ráðast inn í íbúð mannsins hafi brugðist. „Þegar menn gefa svona skipun eru miklar líkur á að einhver deyi. Þetta eru menn sem fá þjálfun í að skjóta til að taka menn út. Ég held að það sé mjög gott að fjölmiðlar séu gagnrýnir og haldi umræðunni áfram, því þetta er mjög stórt mál.“

Hrannar telur einnig að best væri ef lögreglan gæti kallað í vettvangs-„geðteymi“ sem gæti brugðist við í tilfellum sem þessum. Hann kallar einnig eftir því að gerð verði opinber rannsókn á aðdraganda aðgerðarinnar og vill ekki að ríkissaksóknari annist hana. Honum finnst að ekki ætti að einblína á geðröskun mannsins og kenna henni um það sem gerðist. „Rannsóknir sýna fram á að fólk með geðraskanir er ekkert hættulegra en aðrir. En þegar menn eru komnir með fíkniefni og önnur lyf þá getur allt gerst,“ segir hann og telur að fleiri úrræði vanti fyrir fólk eins og hann.

„Þetta er tvöfaldur vandi. Langvarandi fíkniefnanotkun, skilst mér, og geðraskanir. Það er spurning hvar annað byrjar og hitt endar.“


# Vikutilboð!

SPARAÐU 30%



LOFTLJÓS 50W
VERÐ ÁÐUR 11.950,-
**NÚ 8.000,-**

Pfaff Grensásvegi 13 Sími 414 0400 **www.pfaff.is**

PFAFF


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi









**Á morgun**
Víðast hægur vindur, hvassast A-lands.





**Fimmtudagur**
Hæg breytileg átt, vaxandi SA-átt SV-til.

**KÓLNAR UM ALLT LAND** Fremur hæg norðanátt í dag með heldur kólnandi veðri um allt land. Frost að 12 stigum í innsveitum í dag en allt að 20 stiga frost inn til landsins á fimmtudag og föstudag.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Billund | 7° | Gautaborg | 7° | London | 8° | Orlando | 27° | San Francisco | 11° |
| Basel | 8° | Frankfurt | 4° | Kaupmannahöfn | 7° | Mallorca | 18° | Osló | 1° | Stokkhólmur | 3° |
| Berlín | 4° | Friedrichshafen | 8° | Las Palmas | 24° | New York | 11° | París | 6° | | |

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# ÍSLENSKUR ÁLIÐNAÐUR SKIPTIR MÁLI FYRIR ALLT SAMFÉLAGIÐ

**+ 40 milljarðar**

### Viðskipti við 700 innlend fyrirtæki

Á síðasta ári greiddi áliðnaðurinn um 40 milljarða fyrir vörur og þjónustu á Íslandi og var það fyrir utan raforkukaup. Yfir 700 innlend fyrirtæki nutu góðs af þessum viðskiptum.

---

**+ 20 milljarðar**

### Laun og opinber gjöld

Áliðnaðurinn greiddi tæpa 15 milljarða í laun og launatengd gjöld á síðasta ári. Opinber gjöld námu um 5 milljörðum. Um 2.100 manns vinna hjá íslenskum álverum og gera má ráð fyrir um 5.000 afleiddum störfum.

---

**+ 40 milljarðar**

### Raforkukaup

Raforkukaup álfyrirtækjanna árið 2012 námu um 40 milljörðum. Miðað er við heildarraforkusölu í GWh og meðalorkuverð til orkufreks iðnaðar skv. opinberum tölum Landsvirkjunar.

**= 100 milljarðar**

### 275 milljónir á dag eftir í landinu

Árlega verða eftir í landinu rúmir 100 milljarðar vegna starfsemi í áliðnaði.

Þó að ál sé léttur málmur vegur áliðnaðurinn þungt í íslenska hagkerfinu. Staðreyndirnar tala sínu máli um mikilvægi álframleiðslunnar fyrir þjóðarbúið.

samál
SAMTÖK ÁLFRAMLEIÐENDA

Samál • Sími: 571 5300 • Fax: 571 5301 • www.samal.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 13-3052



- Frammistaða íslenskra nemenda versnar verulega frá 2009 og sé horft til allra PISA-mælinga frá upphafi, þá hefur nemendum hrakað sem nemur um hálfu skólaári á síðasta áratug.
- Ísland ásamt Svíþjóð er með lökustu frammistöðu allra Norðurlandanna.
- Kynjamunur er ekki meiri en áður hefur mælst.
- Verulegur munur er á höfuðborgarsvæði og landsbyggð í öllum greinum og hefur afturförin orðið mest á landsbyggðinni þó svo höfuðborgarsvæðið hafi einnig látið undan síga.
- Piltum hefur farið verulega aftur í lesskilningi og stærðfræðilæsi, og eru nú um 30% þeirra á tveimur neðstu þrepum lesskilnings og um 20% á neðstu þrepum stærðfræðilæsis.
- Frammistaða íslenskra nemenda í náttúrufræðilæsi er sú lakasta af öllum Norðurlöndunum.
- Mikill munur er á frammistöðu innfæddra og innflytjenda í öllum greinum.

# PISA-rannsókn mikið áhyggjuefni

Færni 15 ára grunnskólanema minnkar mikið í alþjóðlegum samanburði. Niðurstöðurnar eru mikið áhyggjuefni fyrir íslenskt samfélag og bregðast verður við. Á landsbyggðinni er geta nemenda í frjálsu falli. Einn af hverjum þremur strákum les sér ekki til gagns.

Niðurstöðum nýrrar PISA-könnunar er lýst sem miklu áhyggjuefni fyrir íslenskt samfélag, enda hefur getu íslenskra nemenda í víðum skilningi farið aftur síðastliðinn áratug. Þróunin er ekki tengd einstökum námsgreinum. Hún er almenns eðlis og þurfa því viðbragðsaðgerðir og inngrip að vera almenn og yfirgripsmikil. Frammistaða nemenda á landsbyggðinni er víða í frjálsu falli.

### Trúði ekki tölunum

Júlíus K. Björnsson, forstöðumaður Námsmatsstofnunar, sem framkvæmdi rannsóknina fyrir hönd menntamálayfirvalda, segir það rétt að ekki sé mikið af góðum fréttum í könnuninni. Hins vegar skuli ekki dregið úr mikilvægi þess að íslenskum skólabörnum líður vel í skólanum; þau séu ánægð og sjálfsörugg. En hann dregur ekki úr áhyggjum og nefnir fyrst þróunina á landsbyggðinni.



JÚLÍUS K. BJÖRNSSON

„Það er svolítið svakalegt. Ég hef bara upplifað það tvisvar að sjá tölur sem ég trúði ekki í fyrstu. Það var fyrst árið 2003 þegar gífurlegur kynjamunur kom fram í stærðfræði, en þá stóðu stelpurnar sig miklu betur. Þetta er í hitt skiptið þegar munurinn á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu er orðinn þetta mikill. Það hefur alltaf verið munur, en síðustu tólf ár hefur þessi munur gengið úr hófi fram. Fallið á sumum svæðum jafngildir heilu skólaári,“ segir Júlíus og vísar til þess að OECD gerir ráð fyrir að yfir skólagönguna aukist færni nemenda um 45 stig milli skólaára (sjá skýringarmynd).

Júlíus tekur samt fram að hafa verði í huga að skólarnir milli svæða eru ólíkt uppbyggðir, og mikilla sveiflna sé að vænta vegna þess hve hóparnir eru litlir. „Eins segja kennarar að þeir fái misgóða árganga, en það breytir ekki því að fallið er viðvarandi yfir tólf ár.“

### Frábær efniviður

Júlíus segir að með könnuninni sé fenginn frábær efniviður fyrir skólana, yfirvöld og sveitarfélögin til að finna út úr því í hverju þessi þróun liggur. Spurður um skýringar segir Júlíus að ekkert eitt verði dregið fram, ekki sé fyrir þessu einföld skýring. „En við vitum að það hefur verið hart í ári lengi og stoðþjónusta litlu sveitarfélaganna er ekki burðug. Í Reykjavík er stór fræðsluskrifstofa sem ýtir við fólki og hjálpar því áfram. Þetta stóra apparat er ekki til úti á landi. Það getur verið að hluti af skýringunni liggi í þessu. En við leggjum áherslu á að allir sem vettlingi geta valdið bregðist við af yfirvegun og komist að því hvað hefur farið úrskeiðis, og finna lausnir til lengri framtíðar.“

Júlíus segir að kannski þurfi að finna einhverjar sérlausnir samhliða fyrir einstaka hópa sem standa verst, og vísar sérstaklega til strákanna og lesskilnings þeirra. Í könnuninni kemur fram að hlutfall illa læsra stráka er komið í 30% og segir Júlíus að sú niðurstaða sé ekki ásættanleg hvernig sem á það er litið. „Það er alveg skelfilegt að svona margir þeirra séu svona illa læsir. Og þó ég dragi þetta sérstaklega fram þá hefur stúlkunum líka farið aftur. Við verðum að fækka þeim slöku og fjölga þeim bestu. Ef við tökum náttúrufræðina sem dæmi þá er niðurstaðan ákaflega slæm. Þar eru næstum enginn á efsta þrepi hæfninnar. Krakkarnir hrúgast á miðjuna hjá okkur og sú miðja er sífellt að færast neðar,“ segir Júlíus.

### Forspárgildið mikið

Júlíus segir að einstaklingur í nútíma samfélagi sem ekki getur lesið sér til gagns og sem skilur ekki vel tölur og talnasamhengi, og sem þar að auki skilur ekki hin náttúrulegu fyrirbæri sem hann lifir og hrærist í, sé í verulega vondri stöðu og muni dragast aftur úr öðrum. „Ný rannsókn OECD á læsi fullorðinna (PIAAC), þar sem hluti hennar var mat á stöðu nemenda sem tóku þátt í fyrstu PISA-könnuninni árið 2000, sýndi svo ekki verður um villst að góð frammistaða á PISA hefur mjög mikið forspárgildi um árangur í námi og starfi síðar á lífsleiðinni,“ segir Júlíus.

svavar@frettabladid.is

## „Þetta er áfall fyrir okkur“

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, er ómyrkur í máli eftir að hafa kynnt sér niðurstöður PISA-könnunarinnar. „Hvernig gerist það hjá okkur í skólastofunni að sex ára gutti sem kemur þar inn getur ekki lesið sér til gagns tíu vetrum síðar? Og hvað segir það um annað námsefni sem honum var ætlað læra í grunnskóla, þegar þetta er staðan? Og hvernig á honum svo að ganga að takast á við framhaldsskólann og lífið almennt?“ segir Illugi.



ILLUGI GUNNARSSON

Spurður um muninn á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar segir Illugi það mikið áhyggjuefni. „Ég hef ekki svör á reiðum höndum um hverju þetta sætir. Við verðum að vinna í því að skilja í hverju vandinn felst áður en ákvarðanir eru teknar um framhald.“

Illugi setti í sumar af stað stefnumótunarvinnu sem annars vegar snýr að því hvernig bæta megi framhaldsskólann og hins vegar hvernig má bæta læsið. Niðurstaðan verður birt í sérstakri hvítbók, en Illugi mun funda á næstunni með foreldrum, kennurum, skólastjórnendum og fleirum. Þá verður farið yfir niðurstöðu PISA-könnunarinnar en einnig kynnt sú vinna sem þegar hefur verið sett af stað.

Ráðherra hefur þegar stigið skref til þess að hefja gagnsókn vegna læsisvanda strákanna. Hann hefur kallað til forsvarsmenn úr tölvuleikjaiðnaðinum á Íslandi til að ræða um hvort stjórnvöld og fyrirtækin geti unnið saman að þróun námsefnis sem hittir fyrir áhugasvið þeirra sem þurfa aðstoð.

Illugi leggur mikla áherslu á að vandamálið krefjist ekki skyndilausna og það muni taka tíma að leysa það. „Ég hef lagt áherslu á lesturinn frá því að ég kom inn í ráðuneytið. Það er grundvallaratriði hvernig okkur gengur með stærðfræðina, náttúrufræðina og allt annað. Ég hef líka fyrir því djúpa sannfæringu að okkar litla samfélag, vel efnum búið í alþjóðlegum samanburði og hefur mikla hefð fyrir lestri, eigi að hafa möguleika til að búa til eitt albesta skólakerfið á byggðu bóli,“ segir Illugi.

## STÆRÐFRÆÐI- OG NÁTTÚRUFRÆÐILÆSI OG LESSKILNINGUR ÁRIN 2000 TIL 2012









# Reitir óska Valitor til hamingju með fyrstu grænu leiguna

Reitir fasteignafélag og Valitor hafa undirritað fyrsta græna leigusamninginn. Um er að ræða samstarf um vistvænan rekstur atvinnuhúsnæðis sem m.a tekur til endurvinnslu, orkunotkunar og heilsusamlegri ferðamáta.

Nýtt húsnæði Valitor að Dalshrauni 3 er hannað með græn gildi og vistvænan rekstur að leiðarljósi.

Kynntu þér Græna Reiti á www.reitir.is.

Kringlan 4–12 | 103 Reykjavík | www.reitir.is | 575 9000

REITIR

*Velkomin til starfa*

VILLAGE
LAGERSALA
GJAFAVÖRUR
50–80% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
OPIÐ:
13-18 virka daga
og 12-16 á laugardag
Erum í
SÍÐUMÚLA 3
í næsta húsi við
SAMSUNG Setrið
í sama húsi og
PÓSTHÚSIÐ

Tilvalið að kaupa fallegar jólagjafir á ótrúlegu verði

# Mörg fyrirtæki með ódulkóðuð lykilorð

Á síðu Pírata er bent á fimm íslenskar vefsíður sem ekki verja notendur sína með því að dulkóða lykilorð þeirra. Útbreitt vandamál, segir þingmaður Pírata. Rannsókn lögreglu á innbroti á vef Vodafone aðfaranótt laugardags á frumstigi.




**STAÐFEST DÆMI** Píratar tiltaka fimm dæmi um vefsíður sem ekki dulkóða lykilorð notenda sinna.

**FJARSKIPTI** Vefsíður margra íslenskra fyrirtækja geyma lykilorð viðskiptavina sinna án þess að dulkóða þau. Það þýðir að sé brotist inn á vefsíðuna er hægt að hlaða niður lista yfir notendanöfn og lykilorð á síðunum.

Á þetta er bent á Facebook-síðu Pírata. Þar eru tiltekin fimm dæmi yfir vefsíður sem eru með þennan öryggisgalla. Það eru vefsíðurnar tonlist.is, nyherji.is, n1.is, orkan.is og mbl.is. Eftir umfjöllun á vef Pírata hefur Nýherji tilkynnt að unnið sé að því að lagfæra þennan öryggisgalla á vefsíðu fyrirtækisins.

„Ef vefsíður bjóða fólki upp á að fá lykilorðið sent er það augljóslega ódulkóðað,“ segir Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata.

Hann segir vandamálið merkilega útbreitt. Þessar fimm síður séu síður en svo einu dæmin um íslenskar síður sem hafi þennan öryggisgalla. Þetta sé því miður ótrúlega algengur galli á íslenskum vefsíðum þar sem fólk þurfi að skrá sig inn á síðurnar.

Vefsíður sem nota dulkóðun til að verja notendur sína geta ekki sent notendum sem gleyma lykilorðum sínum lykilorðið í pósti. Þær bjóða þess í stað upp á aðrar leiðir til að setja inn nýtt lykilorð.

„Þeir geta ekki sent lykilorðin af því þeir vita þau ekki. Þannig á þetta að virka. En af einhverjum ástæðum, sem eru mér hulin ráðgáta, trassa sumir tæknimenn að gera þetta með þeim hætti, sem er einkennilegt því þetta er afskaplega einfalt,“ segir Helgi.

Margir nota sömu notendanöfn og lykilorð á mörgum vefsíðum, og því getur það verið mikið vandamál takist tölvuþrjótum að stela aðgangsorðum og lykilorðum að vefsíðu, þó strax sé lokað fyrir misnotkun á stolnu lykilorðunum á þeirri vefsíðu. Þetta kom skýrt í ljós í kjölfar innbrotsins á vefsíðu Vodafone aðfaranótt síðasta laugardags.

brjann@frettabladid.is

## ➜ Um 300 sagt upp GSM áskrift

Tæplega 300 hafa sagt upp GSM-áskrift hjá Vodafone eftir að upplýst var um innbrot á vef fyrirtækisins um helgina. „Frá því á laugardag hafa 297 viðskiptavinir hætt í GSM-áskrift,“ segir Hrannar Pétursson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Vodafone. Hann segir fjölda GSM-viðskiptavina hjá fyrirtækinu á annað hundrað þúsund.

„Það er góð sala, en það er erfitt að segja hverju það er að þakka,“ segir Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova. Fyrirtækið hafi haldið upp á sex ára afmæli um helgina og verið með tilboð í gangi bæði vegna þess og jólanna. Ekki hafi orðið vart við áberandi aukningu sem augljóslega megi rekja til innbrotsins hjá Vodafone um helgina.

„Mánudagurinn var mjög annasamur og töluverður hópur kaus að koma í viðskipti,“ segir Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans.

## ➜ Skoðaði vef Símans

Sami hakkari og braust inn á vef Vodafone kom inn á vef Símans á svipuðum tíma og árásin á Vodafone var gerð. Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segir að ekki liggi fyrir vitneskja um neina árás á kerfi Símans. Ekkert bendi til þess að utanaðkomandi aðili hafi komist í gögn hjá Símanum. Hún segir að Síminn hafi upplýst PFS um þetta um helgina. „Það er í sjálfu sér ekki fréttnæmt að gerðar séu árásir á vefsíður fyrirtækja, svo algengar eru þær orðnar. Við sjáum svona tilraunir í hverri viku og varnir taka mið af því.“

Reynt var að brjótast inn hjá hýsingarfyrirtæki sem meðal annars hýsir vef Mílu á svipuðum tíma og brotist var inn á vef Vodafone. Sigurrós Jónsdóttir, deildarstjóri samskipta hjá Mílu, segir að vefir fjölmargra fyrirtækja séu hýstir á sama stað, og því ekki víst að vefur Mílu hafi verið skotmarkið. Starfsmenn hýsingarfyrirtækisins hafi varist netárásum fyrir og um síðustu helgi.

## ➜ Erfitt að rekja slóð glæpamanna á netinu



**FRIÐRIK SMÁRI BJÖRGVINSSON**

Rannsókn lögreglu á innbrotinu á vef Vodafone er á frumstigi, segir Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn rannsóknardeildar lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Stjórnendur Vodafone kærðu innbrotið á sunnudag, en fram kom í fréttum RÚV í gær að hakkarar frá Alsír hafi í tvígang áður komist inn á vef Vodafone, í mars 2012 og í maí í ár.

„Almennt getur rannsókn mála af þessu tagi verið erfið,“ segir Friðrik Smári. Hann segir að rekja þurfi svokallaðar IP-tölur þeirra sem fremji brot sín á netinu.

Miðað við þær upplýsingar sem hakkarinn gefur sjálfur upp, er hann frá Tyrklandi. Friðrik segir vissulega erfitt að upplýsa mál þar sem gerandinn sé ekki hér á landi, en lögreglan geti leitað atbeina lögreglu í öðrum löndum við rannsóknir.



Miele
Miele ryksugur
EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

S A F T





# HLÝTT Í VETUR MEÐ **DEVOLD**

**Ellingsen** býður mikið úrval af hinum eina sanna norska Devold ullarnærfatnaði, sem heldur á þér hita þó að þú blotnir. Börn og annað útivistarfólk elskar Devold og við spáum hlýjum vetri, sama hvernig veðrið verður.



**DEVOLD ACTIVE**
Svartur, kk. Stærðir: S–XXL
**11.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE**
Svartar, kk. Stærðir: S–XXL
**10.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE**
Kvk. Stærð: XS–XXL
**10.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE**
Kvk. Stærð: XS–XXL
**10.990 KR.**



**DEVOLD EXPEDITION M. HETTU**
Svartur, kvk. Stærð: S–XL
Svartur, kk. Stærðir: S–XL
**14.990 KR.**



**DEVOLD SPORT POLO**
Rauður, kvk. Stærðir: S–XL
Blár, kk. Stærðir: S–XXL
**12.990 KR.**



**DEVOLD SPORT**
Bleikar, kvk. Stærð: S–XL
Svartur, kk. Stærðir: S–XXL
**10.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE BOLUR**
Stærðir: 2–16
**6.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE BARNABUXUR**
Stærðir: 2–16
**6.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE BABY**
Stærð: 74–98
**6.490 KR.**



**DEVOLD ACTIVE BABY**
Stærðir: 74–98
**5.490 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 •
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • ellingsen.is

Munið gjafabréfin!




Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Reykjavíkurborg styður við barnafjölskyldur með hækkun styrks:

# Hækka frístundastyrk til barna

**FÉLAGSMÁL** Borgarstjórn samþykkti í gær að hækka styrki til barna vegna frístundastarfs í gegnum Frístundakortið. Styrkurinn hækkar um 5.000 krónur, eða úr 25.000 krónum í 30.000 krónur.

Markmið með styrknum er að börn og unglingar í Reykjavík geti tekið þátt í frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Ekki er um beingreiðslur til forráðamanna að ræða, heldur hafa þeir rétt á að ráðstafa upphæðinni í niðurgreiðslu á þátttöku- og æfingagjöldum.

„Við förum í þessa hækkun því við viljum styðja við frístundastarf barna, sem hefur mikilvægt forvarnargildi. Þetta er líka í takti við þá ákvörðun borgarinnar að hækka ekki gjaldskrána og gera þannig betur við barnafjölskyldur,“ segir Eva Baldursdóttir, varaformaður íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar.

Yfir áttatíu prósent barna á öllum aldri nýta frístundakortið hjá einhverju þeirra félaga sem eru aðilar að kortinu.

- eb



**FRÍSTUNDASTARF** Reykjavíkurborg hækkar styrk til barna vegna frístundastarfs FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**VIÐBÚNAÐUR LÖGREGLU** Stjórnarandstæðingurinn og boxarinn Vitalí Klitsjkó spjallar við óeirðalögreglumenn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Mykola Azarov stóðst vantraustsatlögu á þingi:

# Baðst afsökunar á ofbeldi lögreglunnar

**ÚKRAÍNA, AP** Mykola Azarov, forsætisráðherra Úkraínu, baðst í gær afsökunar á ofbeldi lögreglu gegn mótmælendum undanfarna daga.

„Bæði forsetinn og ríkisstjórnin harma það innilega að þetta hafi gerst,“ sagði Azarov á þingi í gær, þegar vantrauststillaga var borin upp á hendur stjórninni.

Stjórnin stóðst þá atlögu, því vantrauststillagan fékk aðeins 186 atkvæði á þinginu en hefði þurft 226 atkvæði til að verða samþykkt.

Þrátt fyrir afsökunarbeiðnina tók Azarov fram að fari mótmælendur í hart, þá muni lögreglan taka hart á móti: „Við höfum rétt út hönd okkar til ykkar, en ef við fáum hnefann á móti, þá segi ég það hreint út að við höfum yfir nægilegu afli að ráða,“ sagði hann.

Ekkert lát er á útimótmælum og hafa allt að 300 þúsund manns streymt út á götur í Kíev til að mótmæla þeirri ákvörðun stjórnarinnar að hætta við samstarfssamning við Evrópusambandið.

Þetta eru fjölmennustu mótmæli í landinu frá appelsínugulu byltingunni árið 2004.

Jafnvel þótt vantrauststillagan hefði verið samþykkt myndi það þó ekki hafa hróflað við Viktori Janúkovitsj forseta, sem mótmælendur vilja að segi af sér – enda var það hann sem ákvað að hætta við að undirrita samstarfssamninginn við ESB. Einungis ríkisstjórnin hefði þurft að víkja.

Forystumenn mótmælenda sögðu engu að síður niðurstöðu þingsins vekja vonbrigði og hyggja ótrauðir á áframhaldandi mótmæli.

Um fimm þúsund mótmælendur mættu fyrir utan þinghúsið í Kíev eftir að atkvæðagreiðslu lauk. Stuttu síðar færðu mótmælendur sig yfir á Sjálfstæðistorgið, og voru þá orðnir helmingi fleiri.

Allt bendir til að mótmælin haldi áfram og uppgjör gæti verið skammt undan.

- gb

Sígræna jólatréð
-eðaltré ár eftir ár!
SÍGRÆNA JÓLATRÉÐ



Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:

10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is
Skátarnir

Áfram veginn
Ársfundur FA
Fimmtudaginn 5. desember 2013, Grand Hótel Reykjavík

Dagskrá:

13:15 Skráning og kaffi
13:30 Ávarp
Guðrún Eyjólfsdóttir, formaður stjórnar FA
13:40 The learning revolution: Is it happening?
Christine Wihak, prófessor Thompson River háskólanum, Kanada
14:30 Reynsla af framhaldsfræðslu
Námsmenn segja frá
14:45 Fyrirmyndir í námi fullorðinna
Verðlaunahafar tilkynntir og afhending verðlauna
15:00 Hlé – Kaffi
15:20 Fullorðinsfræðsla - framhaldsfræðsla, hvert skal haldið?
Jón Torfi Jónasson, prófessor við Háskóla Íslands
16:00 Samtal um framtíðina
Ársæll Guðmundsson, skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði,
Erla Björg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri SÍMEY,
Jón Torfi Jónasson, prófessor Háskóla Ísland,
María Guðmundsdóttir, upplýsinga- og fræðslufulltrúi SAF.
Eyrún Valsdóttir, deildarstjóri Fræðsludeildar ASÍ stýrir umræðum
16:30 Slit

Fundarstjóri: Halldór Grönvold

Skráning fer fram á www.frae.is

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Glæsilegar hrærivélar frá Bosch, nú á jólaverði.



BOSCH
BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

# EINFALT
## AÐ SKILA EÐA SKIPTA




Hagkaup býður upp á yfir 50.000 vörutegundir
og því er auðvelt að finna gjöf við allra hæfi.
Munið að biðja um skilamiða.

VERSLAÐU Á NETINU
HAGKAUP.IS




VAXTALAUST JÓLALÁN




RAFRÆNT GJAFAKORT

JÓLAGJAFIR ALLAN SÓLARHRINGINN
24
í Garðabæ
og Skeifunni

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Ýmsir óvissuþættir í skuldalækkunartillögum:

# Kökunni útdeilt

Ekki þarf að efast um að þeir sem eiga rétt á lækkun höfuðstóls húsnæðislánsins síns samkvæmt skuldalækkunartillögunum sem kynntar voru um síðustu helgi verði ríkisstjórninni þakklátir fyrir greiðann. Eftir stendur eins og fyrr sú spurning hvort hópurinn sem nú fær aðstoð frá ríkinu sé endilega sá sem þurfti mest á henni að halda og hvort þetta sé skynsamlegasta ráðstöfun fjárins sem sameiginlegur sjóður okkar hefur til ráðstöfunar.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Það er jákvætt að skuldalækkunaraðgerðirnar eru umfangsminni en í fyrstu var látið skína í. Fyrir kosningar talaði Framsóknarflokkurinn um skuldaniðurfellingu upp á 240 til 300 milljarða, sem átti að fjármagna með „svigrúminu“ í samningum við erlenda kröfuhafa. Nú liggur fyrir að bein skuldaniðurfelling er ekki nema upp á áttatíu milljarða. Svo gefst fólki kostur á að greiða niður lánin sín um sjötíu milljarða í viðbót með því að nýta iðgjöld til séreignarlífeyrissparnaðar. Á móti gefur ríkissjóður skattaafslátt.

Út af fyrir sig er ágætt að skýjaborgir framsóknarmanna um að nota „svigrúmið“ komu ekki til framkvæmda, því að fáir skildu hvernig þær hugmyndir áttu að virka. Á endanum hafa þeir líklega ekki skilið það sjálfir. En um leið er ljóst að ekki hefur verið staðið við loforðin um að ríkissjóður bæri ekki kostnað eða áhættu af skuldaniðurfærslunni.

Forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar segja að áhrifin á ríkissjóð verði „óveruleg“, þrátt fyrir að hann verði látinn bera tuga milljarða króna kostnað á ári og rökstyðja það með því að þeir muni á móti afla nýrra tekna með bankaskatti. Það er hætt við að þeir Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefðu ekki látið síðustu ríkisstjórn komast upp með svona málflutning.

Auðvitað er hér verið að taka áhættu fyrir hönd skattgreiðenda. Áhættu- og óvissuþættirnir í málinu eru raunar allmargir. Tekjurnar eru ekki í hendi, deilt er um lögmæti bankaskattsins og líklegt að á það verði látið reyna fyrir dómstólum.

Sömuleiðis er óvíst um áhrifin á verðbólguna. Hagfræðingar telja líklegt að þótt aðgerðirnar ýti undir hagvöxt með því að efla eftirspurn, muni þær jafnframt skapa þrýsting á verðlagið og gengi krónunnar.

Það er líka óvíst hvaða áhrif það hefur á álit fjárfesta á Íslandi og mat alþjóðlegu matsfyrirtækjanna á lánshæfi ríkissjóðs að þrengja enn að kröfuhöfum föllnu bankanna, eins og klárlega er gert með þessum aðgerðum.

Allt á þetta eftir að koma í ljós og úr því sem komið er lítið annað að gera en að vona það bezta.

Það er dálítið kaldhæðnislegt að ríkisstjórn flokkanna sem gagnrýndu fyrri stjórnvöld hvað mest fyrir skort á aðgerðum í þágu atvinnulífsins, vaxtar og fjárfestingar, hafi gert einhverja umfangsmestu millifærsluaðgerð Íslandssögunnar að sínu fyrsta og stærsta forgangsmáli. En þá er það kannski líka frá og þessi stjórn, sem margir í atvinnulífinu bundu miklar vonir við, getur snúið sér að því verkefni að reyna að stækka kökuna sem er til skiptanna í stað þess að brjóta heilann svona fast um hvernig eigi að útdeila henni.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Banna gott veður?

Valgerður Bjarnadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði út í kæru Alþingis gegn Reykjavíkurborg vegna deiliskipulags á Landsímareitnum í kvosinni. Þingið hefur kært borgina fyrir að „sýna menningarminjum, þjóðþingi Íslendinga og sögu landsins vanvirðingu og brotið gegn stjórnarskránni“. Valgerður spurði í fyrirspurn sinni hversu margir stæðu að baki kærunni og sagði aukna umferð í nágrenninu mikið áhyggjuefni samkvæmt henni. Valgerður sagðist lítið hafa orðið vör við mikla umferð eða mikið mannlíf í nágrenninu nema á fallegum vor- og sumardögum. Valgerður spurði enn fremur: „Hefur það truflað aðra alþingismenn hér? Eigum við kannski von á því að við bönnum þessa veitingastaði á meðan þing situr eða ætlum við kannski bara að athuga hvort við getum bannað gott veður?



### „Taka undir orð Framsóknar“



Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, boðar meiriháttar breytingar á fjárlögum fyrir aðra umræðu. Hún segir meiri þunga og meira fjármagn fara í heilbrigðismálin. Læknaráð LSH sendi umsögn um fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp sem lýsir furðu og gífurlegum vonbrigðum með skilningsleysi ráðamanna á vanda spítalans. Viðbrögð Vigdísar við umsögninni voru að læknaráðið væri „alveg að taka undir raunverulega orð Framsóknarmanna í kosningabaráttunni“.

Bíðum nú hæg. Var Vigdís ekki örugglega bæði formaður fjárlaganefndar og framsóknarmaður þegar fjárlögin voru samin? Ef læknaráð „tekur undir orð framsóknarmanna“ af hverju var þá ekki meira fjármagn og áhersla á heilbrigðiskerfið í frumvarpinu sem fjárlaganefndin lagði fram upphaflega?

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Útvarp – lifandi afl (í tilefni uppsagna)

MENNING



Guðrún Hannesdóttir
rithöfundur

„Útvarpið er dásamlegur hlutur, það lætur rætast drauma kynslóðanna um hrafna Óðins, Mímisbrunn, viskustein.“

Þetta voru orð Arnar Arnarsonar skálds á upphafsárum útvarpsins. Fögnuður alþýðu manna yfir útvarpinu átti sér lítil takmörk og gleðin yfir því sem það miðlaði hungruðum hugum landsmanna hefur verið lýst svo víða að fyllt gæti marga hillumetra.

Í tímans rás hefur nýnæmið og tilfinningahitinn tvístrast og dofnað sem eðlilegt er með tilkomu sjónvarps og fleiri rása.

Nú held ég að kominn sé tími til að skerpa hugsunina á ný. Rás 1 hefur löngum haft sérstöðu hvað snertir tengsl og skyldleika við skýr og háleit markmið útvarps í árdaga. Fjölbreytni, vönduð dagskrárgerð og öflug nýliðun meðal kvenna hefur enda skapað henni traust umfram aðrar rásir.

Enginn getur séð fyrir hvaða óafturkræf áhrif það mun hafa ef menn lama útvarpið, fæla frá og segja upp menntuðu, þjálfuðu og fágætu starfsfólki sem er kjarni starfseminnar í dag. Án kjarna – ekkert líf.

**➜ Enginn getur séð fyrir hvaða óafturkræf áhrif það mun hafa ef menn lama útvarpið, fæla frá og segja upp menntuðu, þjálfuðu og fágætu starfsfólki sem er kjarni starfseminnar í dag. Án kjarna – ekkert líf.**

Ef að líkum lætur skapast með þeim aðgerðum meira svigrúm fyrir ódýrt og innihaldsrýrt efni og innistæðulausa æsingaþætti, sem nóg er af fyrir og efla varla skilning okkar eða ratvísi um menningarlendur nútíðar eða fortíðar.

Útvarpið er sterkur þáttur í samvitund þjóðarinnar og lifandi afl í mótun og varnarbaráttu íslenskrar tungu og menningar.

Það á nú í vök að verjast og sótt er að því úr ýmsum áttum. Lokist sú vök kann að verða bið á að hún opnist að nýju.Við yrðum nauðbeygð að gera okkur að góðu það sem úti frýs … og ættum þá ekki betra skilið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# 5. kafli úr bók eftir óþekktan ástarsöguhöfund

Í DAG
**Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir**
leikkona



Sigurborg lét gríðarstóran útsaumsjavann síga í kjöltu sér, hallaði sér aftur í purpuralitaða hægindastólinn og lagði aftur augun. Hún var þreytt enda búin að veita fjórtán eldri borgurum rúmbað fyrr um morguninn án aðstoðar.

Það hefði mátt heyra saumnál detta enda heyrði Sigurborg samstundis þegar nálin rann fram af garnendanum og ofan á plastparketið. Plastparketið var gjöf frá frænda hennar sem lengi var deildarstjóri hjá Húsasmiðjunni eða allt þar til upp komst að hann hafði parketlagt níu sumarbústaði og pípulagt annað eins á kostnað fyrirtækisins.

Sigurborg hafði velt því fyrir sér þegar Guðfinnur frændi hafði verið settur bak við lás og slá hvort hún ætti að rífa parketið upp og skila því í Húsasmiðjuna en hafði fallið jafnharðan frá þeirri hugmynd sökum hræðslu um að hún yrði jafnvel talin meðsek. En henni fannst alltaf heldur ónotalegt að ganga berfætt um íbúðina og klæddist því jafnan vel þæfðum lopainniskóm eins til að halda sig í ofurlítilli fjarlægð frá þýfinu.

Á litla innskotsborðinu lá Dagblaðið opið og við blasti mynd af manninum sem lýst hafði á hendur sér hatursglæp á byggingarlóð væntanlegrar mosku. Hvaða siðblindi slátrari hafði selt þessum villimönnum svínshöfuð í stykkjavís? Eins og ekkert væri eðlilegra? Skjótið ekki sendiboðann, hugsaði Sigurborg með sér og gat aðeins gert sér í hugarlund að slátrari þessi væri ógreindur sósíópati af erfiðustu gerð og handstýrði hópi veikgeðja manna sem væru eins og leikbrúður í höndum hans.

**Andsetið tæki**

Sigurborg hrökk við því útvarpið fór í gang eins og það átti vanda til alveg upp úr þurru. Það var engu líkara en það væri andsetið, bannsett tækið.

Rödd Helga Pé á götu, eins og Sigurborg kallaði hann jafnan, barst úr viðtækinu og Sigurborgu varð um að heyra rödd hans. Hvaða ár var? Hvaða rás var þetta? Hvernig stóð á þessu? Síðan hvenær sinnti Helgi Pé þularstörfum hjá RÚV? Þetta hlaut að vera RÚV því Sigurborg hlustaði aldrei á aðra útvarpsstöð eftir að nágranni hennar, Páll Magnússon, hafði verið gerður að yfirmanni stofnunarinnar.

Það var ekki laust við að hún væri ofurlítið hrifin af Páli þótt í fjarska væri. Karlmannlegt höfuðlag útvarpsstjóra minnti hana á spennumyndaleikarann Bruce Willis og hún sá hann gjarnan fyrir sér í átakasenum í æsimyndastíl.

Páll á brennandi húsþaki. Páll að synda yfir straumharðar ár. Páll á hlaupum undan uppvakningum. Aðförin að Páli vegna uppsagna örfárra starfsmanna hafði að mati Sigurborgar gengið allt of langt og hún hafði óbeðin stolið örfáum róandi töflum úr lyfjabúri Landspítalans og vafið þeim í grisju, pakkað þeim ofan í blómum skreytt umslag úr bréfsefnasafni sínu og laumað inn um lúguna á húsi Páls. Á umslagið hafði hún skrifað: „Erfiðar ákvarðanir eru bara á færi mikilmenna, en þeir þurfa eins og óbreyttir, að gæta þess að hvílast.“

**Hlekkur í hryðjuverkaárás**

Sími Sigurborgar pípti án afláts einhverstaðar í íbúðinni svo Sigurborg stóð á fætur og lagði frá sér útsaumsjavann. Myndin sem hún var að sauma út var flennistór mynd af forsætisráðherra í forgrunni með makríltorfu í bakgrunni. Hún tók eftir því að annað auga ráðherra virtist stærra en hitt sem gaf honum ámátlegan svip. Þessu mætti bjarga með því að sauma flatsaum í svörtu þétt við augnkrókinn. Síminn linnti ekki látunum en eftir svolitla leit fann Sigurborg hann undir kleinupoka í sófanum.

Hennar biðu fern smáskilaboð, en frá hverjum? Fyrstu skilaboðin voru illskiljanleg en svo fóru að renna á Sigurborgu tvær grímur því þetta voru einkaskilaboð frá fólki sem hún þekkti alls ekki neitt. Sigurborg vissi vart hvaðan á sig stóð veðrið. Örfáum dögum áður hafði sími hennar fyllst af skilaboðum ritstjóra til menntamálaráðherra og það hafði komið henni á óvart hvað skilaboðin voru beinskeytt og laus við gamansemi þótt ritstjórinn væri annálaður húmoristi.

Hvers vegna var hún, Sigurborg Guðmarsdóttir hjúkrunarfræðingur, orðin mikilvægur hlekkur í stórfelldri hryðjuverkaárás símfyrirtækja á sjálfa ríkisstjórnina?

Það var ekki laust við að hún væri ofurlítið hrifin af Páli þótt í fjarska væri. Karlmannlegt höfuðlag útvarpsstjóra minnti hana á spennumyndaleikarann Bruce Willis.

## AF NETINU

### Sértækar aðgerðir

Aðgerðirnar í skuldamálum eru sértækar, en ekki almennar. Þær eru ekki verri fyrir það, en rétt skal vera rétt. Fjórðungur þjóðarinnar býr í leiguhúsnæði og fær ekkert. Fjórðungur skuldar ekki og fær því ekkert. Alls er þetta hálf þjóðin. Helmingur aðgerðanna felst svo í skattaafslætti af séreignarsparnaði. Nýtist ekki þeim, sem höfðu lítið ráð á slíkum sparnaði. Nýtist bezt þeim, sem hafa mestar tekjur og hafa mesta getu til að borga húsnæðisskuldir. Þeir fá mestan afslátt Þessi þáttur aðgerðanna er því afar sértækur.

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*

### Hvílíkt fimbulfamb

Nú sér maður það á blogginu að sumir þeir sömu og vilja að Ríkisútvarpið verði lagt niður eða fjársvelt sem mest kenna RUV um það að vitneskja um ástandið í Hraunbæ í fyrrinótt varð ekki öllum fjölmiðlum kunnugt fyrr en alllöngu eftir að það hefði getað orðið. Þessir bloggarar, sem vilja fjársvelta RUV sem mest, segja að lögreglunni beri ekki að segja fjölmiðlum frá því ef hættuástand myndast vegna óðs byssumanns, heldur eigi RUV að hafa fréttamann á vakt allan sólarhringinn við öll íbúðarhús landsins. Annars bregðist það skyldum sínum.

http://omarragnarsson.blog.is

*Ómar Ragnarsson*



# Í þágu þjóðar

## Saga skatta og skattkerfisbreytinga á Íslandi 1877–2012



Friðrik G. Olgeirsson

Um fátt hefur meira verið fjallað í þjóðmálaumræðunni í meira en heila öld en skatta og gjöld. Sögu skattkerfisbreytinga hefur þó ekki verið gerð fræðileg skil fyrr en núna með ritinu Í þágu þjóðar eftir Friðrik G. Olgeirsson sagnfræðing. Tíundarkerfið forna var orðið úrelt á 19. öld og þjóðina vantaði tilfinnanlega sameiginlegan sjóð, ríkissjóð, til að geta byggt upp nútímasamfélag. Það var gert m.a. með því að taka upp tekjuskattskerfi árið 1877. Allar ríkisstjórnir hafa síðan breytt skattalögum og því er ritið hvort tveggja í senn mikilvægt framlag til stjórnmálasögu þjóðarinnar og grundvallarrit um sögu skatta og skattkerfisbreytinga á árunum 1877–2012. Sagan er sögð á ljósan og skilmerkilegan hátt og margt kemur fram sem áhugafólki um þjóðarsöguna mun þykja fengur að.




**Bækurnar fást í bókaverslunum Pennans/Eymundsson og hjá Bóksölu stúdenta**

# ÞETTA ER

Stórglæsileg bók í einni vinsælustu ritröð síðari ára - *Leiðsögn í máli og myndum.*




*BÆTTU ÞESSARI Í SAFNIÐ!*

# NÁTTÚRAN

## ÓÐUR TIL MARGBREYTNI JARÐARINNAR

### TÍGRISDÝR
*Panthera tigris*

Stærsta og voldugasta kattardýrið, tígrisdýr, er kraftmikið rándýr, gætt nánast yfirnáttúrulegum þokka og fimi. Náttúruleg heimkynni þess ná frá hitbeltisskógum Indónesíu til snævi þakinna víðerna Síberíu þar sem stærstu tígrisdýrin er að finna. Fullvaxinn högni getur verið allt að 300 kg á þyngd en þrátt fyrir fyrirferðina getur hann stokkið 10 m í einu stökki. Fullorðin tígrisdýr eru einfarar að undanteknum læðum með afkvæmi – mæður annast kettlingana í tvö ár eða lengur, kenna þeim og búa þá undir lífið.







**Einstök fróðleiksnáma um gersemar náttúrunnar sem öll fjölskyldan leitar í aftur og aftur.**









**Unnin af færustu náttúrufræðingum í samstarfi við Smithsonian-stofnunina.**



FRAMLIMIR >
Tígrisdýr er með langa útlimi og stóra fætur og getur því hlaupið hratt, stokkið langt og slegið bráð á stærð við uxa til jarðar með einu banvænu bylmingshöggi.





Karl Emil Gunnarsson þýddi.

< RÁKÓTTUR DRÁPARI
Dökkrauðgulur feldur með breiðum, svörtum röndum er afbragðs felubúningur þegar tígrisdýrið læðist um sóldeplóttan gróður. Hvít tígrisdýr, sem sjást í dýragörðum, eru yfirleitt alin í haldi og eru afar sjaldgæf í villtri náttúru. Tígrisdýr hafa verið ofveidd og liggur við útrýmingu; í heiminum eru innan við 8.000 eftir í náttúrunni.



∧ ÞÓFAR Á LOPPU
Tígrisdýr eru með fimm tær – fjórar á ilinni og sú fimmta myndar „smalakló“. Þegar klærnar eru ekki í notkun eru þær alveg dregnar inn í loppuna.

< RÓFUENDI
Dýrið heldur rófunni gjarnan boginni rétt yfir jörðu og nо… hana til að auka jafnvægi sit… þegar það eltir bráð eða klif…

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug
við andlát og útför

**JÓNU HAFSTEINSDÓTTUR**
**Þrastarhöfða 24, Mosfellsbæ.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk dag- og hjúkrunardeildar fyrir einstaklinga með heilabilun á Eir og starfsfólk Klörustofu á Hömrum í Mosfellsbæ fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Kristján Tryggvason**
**Steinunn Sigurbjörnsdóttir**
**Steinunn L. Ólafsdóttir** **Jeannot Tsirenge**
**Kristrún Kristjánsdóttir** **Gunnar Fjalar Helgason**
**Hrannar B. Kristjánsson** **Björg Eir Birgisdóttir**
**Thelma, Aron, Daníel, Oliver, Sara, Emelía, Alex og Gabríel**

---



Kæru vinir og vandamenn, innilegar þakkir fyrir hlýju og samhug vegna fráfalls og útfarar elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**GUNNHILDAR FRIÐRIKSDÓTTUR**
**Heiðarholti, Svalbarðsströnd.**

**Steingrímur Valdemarsson og fjölskylda.**

---



Innilegar þakkir til ykkar sem sýnduð fjölskyldunni hlýhug og samúð og senduð kveðjur við andlát og útför

**JÓNS JÓHANNESSONAR**
**efnafræðings,**
**Munkaþverárstræti 23 á Akureyri.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk heimahlynningar og lyfjadeildar Sjúkrahússins á Akureyri.

**Sigrún Magnúsdóttir**
**Kristín Jónsdóttir** **Rafn Marteinsson**
**Sigrún Ingveldur Jónsdóttir** **Arnar Árnason**
**og barnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐFINNA ERLA JÖRUNDSDÓTTIR**
**Arahólum 2, Reykjavík,**

lést á Landspítala, Landakoti fimmtudaginn 28. nóvember. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 6. desember kl. 13.00.

**Elín Jónsdóttir** **Ólafur Hallgrímsson**
**Anna Sigríður Jónsdóttir** **Jón Ólafur Ólafsson**
**Jörundur Jónsson** **Sigrún Erla Þorleifsdóttir**
**Þorbjörg Elenóra Jónsdóttir** **Árni Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**MARINÓ FRIÐJÓNSSON**
**Hólabergi 84,**
**áður Völvufelli 36, Reykjavík,**

sem lést sunnudaginn 24. nóvember, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 5. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg.

**Guðmunda S. Gunnlaugsdóttir**
**Olga S. Marinósdóttir**
**Friðjón A. Marinósson** **Ásdís Emilía Gunnlaugsdóttir**
**Gunnlaugur Marinósson** **Magnea G. Hjálmarsdóttir**
**Rúnar Örn Marinósson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Við sendum innilegar
þakkir öllum sem auðsýndu samúð
og hlýju við andlát og útför

**HÁKONAR SVEINS DANÍELSSONAR**
**Hvassaleiti 56, Reykjavík.**

**Valgerður Proppé**
**Elísabet Hákonardóttir** **Halldór Valdimarsson**
**Marteinn Hákonarson**
**Helgi Daníelsson** **Sigrún Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín,
móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**STEFANÍA ÞÓRÐARDÓTTIR**

lést á Sólvöllum á Eyrarbakka sunnudaginn 1. desember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Eiríkur Runólfsson**
**Rúnar Eiríksson** **Auður Hjálmarsdóttir**
**Jón S. Eiríksson** **Þórdís Þórðardóttir**
**Emma G. Eiríksdóttir** **Hafþór Gestsson**
**Þórður Eiríksson** **Erla Karlsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐBJÖRN GUNNAR JÓNSSON**
**Sléttuvegi 21,**

andaðist föstudaginn 15. nóvember sl. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Hildur Jónsdóttir**
**Jón Guðbjörnsson** **Arnhildur S. Magnúsdóttir**
**Guðrún Guðbjörnsdóttir** **Sverrir Haraldsson**
**Bjarnveig Guðbjörnsdóttir** **Friðrik Friðriksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær dóttir okkar, móðir og systir,

**BERGLIND HEIÐA GUÐMUNDSDÓTTIR**

lést af slysförum laugardaginn 30. nóvember.

**Bjarnheiður Einarsdóttir**
**Guðmundur Sigursteinsson**
**Bjarnheiður Ninja Sigmundsdóttir**
**Sæunn Árný Sigmundsdóttir**
**Kristján Már Hilmarsson**

---



Elskuleg móðir mín og amma okkar,

**FJÓLA HALLDÓRA HALLDÓRSDÓTTIR**
**Lönguhlíð 3,**
**áður búsett í Skaftahlíð 4,**

sem lést á Landspítalanum 27. nóvember, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu föstudaginn 6. desember kl. 13.00.

**Hafdís Ingvarsdóttir**
**Ingvar Örn Hilmarsson**
**Svava Fjóla Hilmarsdóttir**
**Birna Svanhvít Hilmarsdóttir**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi,
bróðir, kær vinur og fósturfaðir,

**KRISTINN SIGFÚSSON**
**frá Norðurkoti,**

sem lést 25. nóvember á Hrafnistu í Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 6. desember kl. 13. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

**Gerður Kristinsdóttir**
**Hrönn Kristinsdóttir** **Magnús Sigríðarson**
**Sigfús Kristinsson** **Hildur Friðþjófsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn,**
**Guðmundur Sigfússon**
**Helga Haraldsdóttir, börn og barnabörn.**

---



Hjartans þakkir færum við öllum sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**GUÐMUNDAR SIGURÐSSONAR**
**Vallarbraut 6, Reykjanesbæ.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar 11G á Landspítala og D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir góða umönnun.

**Sesselja (Stella) Ingimundardóttir**
**Inga Benný** **Azzan Kanan**
**Sigurður J. Guðmundsson** **Svanbjörg K. Magnúsdóttir**
**Sigrún Guðmundsdóttir** **Valdimar Sigurjónsson**
**Einar M. Guðmundsson** **Guðbjörg F. Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**

---



**KAOLIN-LISTAMENNIRNIR Í GALLERÍ KAOLIN VIÐ SKÓLAVÖRÐUSTÍG:** Jóna Thors, Bjarni Sigurðsson, Þórdís Baldursdóttir, Unnur S. Gröndal, Íris Rós Söring, Ása Tryggvadóttir og Sólveig Hólmarsdóttir. Á myndina vantar Arnlaugu Borgþórsdóttur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Styrkja mæðrastyrksnefnd

**Átta leirlistamenn í listmunagalleríinu Kaolin við Skólavörðustíg gefa þrjú verk hver, alls 24 eins og dagarnir til jóla í desember, og selja til styrktar góðu málefni.**

„Við ætluðum að gera eitthvað svipað þessu fyrir jólin í fyrra en þá vannst ekki tími til þess. Þess vegna ákváðum við að láta slag standa núna,“ segir Bjarni Sigurðsson leirlistamaður. Bjarni, ásamt sjö öðrum listamönnum sem reka saman listmunagalleríið Kaolin á Skólavörðustíg 22, ætlar að styrkja Mæðrastyrksnefnd með sölu leirmuna fyrir jólin.

Bjarni segir hugmyndina í raun hafa kviknað út frá stærðfræðinni, að allir átta listamennirnir sem standa að Kaolin gæfu þrjár gjafir og verkunum yrði stillt upp eins og dagatali eða leikmunum í glugga gallerísins. „Allur afraksturinn af sölunni fer til Mæðrastyrksnefndar og við treystum auðvitað dálítið á fólkið á götunni því við viljum helst selja öll verkin, en við viljum líka hvetja fyrirtæki til að koma og kaupa úr glugganum. Þá er hægt að hengja nafnspjald þess fyrirtækis á verkið þar sem kemur fram að það fyrirtæki styrki Mæðrastyrksnefnd,“ útskýrir Bjarni, en verkin eru í ýmsum verðflokkum. Dýrasta verkið er stórt verk eftir Unni Gröndal sem kostar 100.000 krónur. „Að sjálfsögðu settum við dýrasta verkið á 24. desember, aðaldaginn,“ bætir Bjarni við.

Hann segir listamennina átta stefna að því að viðlíka verkefni verði árviss viðburður. „Við völdum Mæðrastyrksnefnd í þetta sinn til að hjálpa þeim fjölskyldum sem leita til nefndarinnar, sem vinnur virkilega gott starf, fyrir jólin. Kannski ákveðum við svo að styrkja eitthvert annað gott málefni á næsta ári, það kemur í ljós,“ segir Bjarni.

kjartan@frettabladid.is

---





Ástkærir foreldrar okkar,
tengdaforeldrar, amma,
afi, langamma og langafi,

**UNNUR KRISTINSDÓTTIR**
**OG**
**VALGEIR JÓN EMILSSON**
**Háaleitisbraut 41, Reykjavík,**

verða jarðsungin frá Hallgrímskirkju föstudaginn 6. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast þeirra er bent á styrktarsjóð Droplaugarstaða.

**Aðalheiður Valgeirsdóttir** **Erlendur Hjaltason**
**Sigríður Valgeirsdóttir** **Einar Olavi Mäntylä**
**Emil Hannes Valgeirsson** **Arna Björk Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---

FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, fimmtudag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í fimmtudagsblaðið færist því fram til kl. 13.30.**


OYSTER PERPETUAL GMT-MASTER II

ROLEX

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 4. DESEMBER 2013 | 26. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is



FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN


## SAMBANDIÐ LIFIR ENN

- Viðtal við Hannes Karlsson, stjórnarformann Sambands íslenskra samvinnufélaga (SÍS).
- Félagið hélt aðalfund í nóvember og stjórnin fundar reglulega.
- Félagsmenn meta nú stöðuna og vilja fjölga verkefnum SÍS.

síða 4



## Síminn gagnstefnir Vodafone

Síminn hefur gagnstefnt Vodafone fyrir sambærilegan meintan ólögmætan verðþýsting og Vodafone stefndi Símanum fyrir í nóvemberbyrjun. „Brotin fólust í ofrukkun á lúkningargjöldum,“ segir í tilkynningu Vodafone til Kauphallar. Félagið krafði Símann vegna þessa um endurgreiðslu 913 milljóna króna auk vaxta. Síminn krefur nú Vodafone á móti um 2,5 milljarða króna. „Sá grundvallarmunur er á stefnum Símans og Vodafone, að stefna Vodafone á hendur Símanum fær stoð í niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins og áfrýjunarnefndar samkeppnismála, en kröfugerð Símans á hendur Vodafone gerir það ekki,“ segir Vodafone. Síminn hefur farið fram á að málin verði sameinuð fyrir dómi. - óká

## Ýktar fréttir af láti BlackBerry


JOHN S. CHEN

Settur forstjóri farsímaframleiðandans BlackBerry segir að fregnir af andláti fyrirtækisins hafi verið „stórlega ýktar“. Í bréfi sem John Chen, forstjóri fyrirtækisins, sendi viðskiptavinum segir hann að BlackBerry leiti nú aftur í rætur sínar. Áhersla verð á ný lögð á framleiðslu handtækja sem henti viðskiptalífinu. Chen var áður forstjóri Sybase, en var sóttur yfir til BlackBerry, til þess að gegna starfi forstjóra og stjórnarformanns eftir að ekkert varð úr viðræðum um sölu fyrirtækisins. Í bréfinu sagði hann fyrirtækið meðvitað um að BlackBerry væri ekki „fyrir alla“.

## Jón Tetzchner kaupir í Dohop


JÓN S. VON TETZCHNER

Frumkvöðullinn og fjárfestirinn Jón Stephenson von Tetzchner hefur fest kaup á 10 prósenta hlut í íslensku flugleitarvélinni Dohop. Samkvæmt tilkynningu kaupir Jón hlutinn af núverandi hluthöfum og því ekki um að ræða útgáfu nýs hlutafjár. Jón verður við kaupin þriðji stærsti hluthafi félagsins, en Nýsköpunarsjóður á 10,8 prósent og Frosti Sigurjónsson, stofnandi félagsins, 19,4 prósent. - óká


ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
*National Museum of Iceland*


Jólalínan frá Heklu
Servéttur 950 kr.
Kerti 1.950 kr.
Eldspýtur 690 kr.


Jón í lit 6.250 kr.
Fæst í mörgum litum
Almar Alfreðsson


Bollar 2 saman 5.800 kr.
Diskar 2 saman 4.250 kr.
Sveinbjörg Hallgrímsdóttir


Sérpakkað súkkulaði 650 kr.
Safnbúðin

Jólakort 1.050 kr.
Pakkakort 495 kr.
Fást í fleiri litum
Deqqor



Sigfús Eymundsson, Myndasmiður
8.990 kr. Safnbúðin

Kertastjaki 3.600 kr.
Vetrarljós: 1.450 kr.
Bility



Minnisbók fyrir skipulagningu, skissur og skáldskap 3.250 kr.
Safnbúðin

Flöskutappar 4.990 kr.
Safnbúðin


Jólakötturinn
1.295 kr.
Safnbúðin


FALLEGAR GJAFIR Á GÓÐU VERÐI
SAFNBÚÐ ÞJÓÐMINJASAFNSINS

Suðurgata 41 · 101 Reykjavík · sími 530 2200 · www.thjodminjasafn.is · Opið alla daga vikunnar nema mánudaga kl. 11–17

# Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**9** Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

**1** Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

**4** STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

ICELANDAIR GROUP
105% frá áramótum

ICELANDAIR GROUP
3,4% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

ATLANTIC PETROLEUM (DKK)
-21,2% frá áramótum

FJARSKIPTI (VODAFONE)
8,9% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 164,50 | 36,0% | 0,0% |
| Atlantic Petroleum (DKK) | 145,00 | -21,2% | 0,0% |
| Bank Nordic (DKK) | 130,00 | 26,2% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 247,50 | 7,6% | 2,7% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 26,15 | -19,7% | -8,9% |
| Hagar | 37,65 | 65,5% | 1,5% |
| Icelandair Group | 16,85 | 105,0% | 3,4% |
| Marel | 133,50 | -5,0% | 0,8% |
| Nýherji | 3,65 | -9,9% | 0,0% |
| Reginn | 14,20 | 29,1% | 2,0% |
| Tryggingamiðstöðin* | 31,10 | 16,5% | 1,5% |
| Vátryggingafélag Íslands** | 11,00 | 19,3% | 3,3% |
| Össur | 222,50 | 14,7% | 1,1% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.224,81 | 15,6% | 1,9% |

**First North Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 13,50 | 43,6% | 0,0% |
| HB Grandi | 18,00 | 20,0% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 13,0% | 0,0% |

*fyrsta verð 8. maí 2013 **fyrsta verð 24. apríl 2013

# Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 4. desember**
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum

**Fimmtudagur 5. desember**
- Vöruskipti við útlönd nóvember 2013, bráðabirgðatölur
- Gistinætur og gestakomur á hótelum í október 2013
- Skráning N1 - Fundur VÍB

**Föstudagur 6. desember**
- Landsframleiðslan á 3. ársfjórðungi 2013
- Vísitala launa á 3. ársfjórðungi 2013
- Útboð ríkisbréfa

**Mánudagur 9. desember**
- Fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2013

**Þriðjudagur 10. desember**
- Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum

**Miðvikudagur 11. desember**
- Vaxtaákvörðunardagur Seðlabanka Íslands

**Fimmtudagur 12. desember**
- Vísitala launakostnaðar á 3. ársfjórðungi 2013
- Útboð Ríkisvíxla

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

MORGUNFUNDUR FESTU – MIÐSTÖÐVAR UM SAMFÉLAGSÁBYRGÐ
**Samfélagsábyrgð:** tækifæri fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

TÍMI: 5. des. kl. 8:30 – 10:00
STAÐUR: Háskólinn í Reykjavík, Menntavegi 1
Fylgstu með á Twitter og Facebook #samfelagsabyrgd
SKRÁNING: www.csriceland.is

DAGSKRÁ

ÁBYRGÐ VERÐI PARTUR AÐ DNA FYRIRTÆKSINS
Kristján Gunnarsson, meðeigandi Kosmos & Kaos

VERT AÐ HAFA Í HUGA UM ÁBYRGÐ
Aðalheiður Snæbjarnardóttir, agastjóri Vert markaðsstofu

FELAST SÓKNARFÆRI Í ÞVÍ AÐ INNLEIÐA ÁÆTLUN UM SAMFÉLAGSÁBYRGÐ?
Kjartan Sigurðsson, doktorsnemi við Háskólann í Reykjavík

WIN-WIN-WIN: JÁKVÆÐ ÁHRIF Á BIRGJA, VIÐSKIPTAVINI OG ÁFRAM
Bragi Smith, meðeigandi Lín Design

FUNDARSTJÓRI: Ragna Sara Jónsdóttir, forstöðumaður samfélagsábyrgðar Landsvirkjunar

FESTA
Miðstöð um samfélagsábyrgð
Icelandic center for CSR
festa@csriceland.is
www.csriceland.is

Vissir þú að...
bannað er að mismuna börnum eftir því hvað foreldar þeirra gera.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Í löndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) minnkar meðalverðbólga í október:

# Verðbólgan er enn næstmest hér

Verðbólga hér á landi er enn sú næstmesta í löndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) samkvæmt samanburði í október.

Mest mælist verðbólgan þá í Tyrklandi, 7,7 prósent, en 3,6 prósent á Íslandi. Í þriðja sæti er svo Mexíkó með 3,4 prósenta verðbólgu. Minnst er verðbólga í mánuðinum í Grikklandi, en þar sýndi mælingin tveggja prósenta verðhjöðnun. Þá er smávægileg verðhjöðnun eða stöðugleiki í Portúgal, á Spáni, í Svíþjóð og í Sviss.

Í tilkynningu OECD í gær kemur fram að hægt hafi á verðhækkunum í löndum stofnunarinnar fjórða mánuðinn í röð. Meðaltalsársverðbólga í löndum OECD hafi þannig farið í 1,3 prósent í október, en hún náði hámarki í júlí síðastliðnum í 2,0 prósentum. Aukinn slaki í verðbólguþróun er sagður skýrast af minni verðbólgu í orku- og matvælaverði.

Í evrulöndunum fór ársverðbólga í 0,7 prósent í október, en var 1,1 prósent í september.

- óká




**VERÐBÓLGUSEÐILL** Hér á landi er nýkominn út 10.000 króna seðlill. Í Simbabve kom út árið 2008 seðill upp á 100 milljarða dala. NORDICPHOTOS/AFP

# Landsbanki kaupir allt hlutafé Hátækni

***Stjórn Hátækni segir að rekstur fyrirtækisins hafi verið erfiður. Þar skipti mestu samdráttur í sölu á Nokia-símum og rannsókn Samkeppniseftirlitsins. Landsbankinn tekur við Nokia-umboðinu.***

**VIÐSKIPTI**
Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Hömlur, dótturfélag Landsbankans, keypti á mánudag allt hlutafé Hátækni ehf.

Stjórn Hátækni segir í yfirlýsingu vegna sölunnar að rekstur fyrirtækisins hafi verið erfiður undanfarin ár. Þar skipti mestu rannsókn Samkeppniseftirlitsins á fyrirtækinu sem hófst fyrir þremur árum og samdráttur í sölu á Nokia-símum hér á landi.

„Fyrirtækið samanstóð af nokkrum mismunandi deildum og við höfum undanfarið þurft að selja einingar úr rekstrinum," segir Kristján Gíslason, fráfarandi stjórnarformaður Hátækni.

Landsbankinn, sem var stærsti kröfuhafi félagsins, mun að hans sögn taka við félaginu og þar með talið Nokia-umboðinu. Hátækni hefur verið umboðsaðili Nokia frá árinu 1985.

„Hin mikla og hraða niðursveifla Nokia hafði neikvæð áhrif á fyrirtækið og eftir á að hyggja var of lengi haldið í vonina um að Nokia myndi takast að snúa óheillaþróuninni við. Fyrri eigendur fyrirtækisins eru búnir að setja 180 milljónir í félagið til að mæta taprekstri í von um að við værum að sjá fram á betri tíma með Nokia," segir Kristján.

Hann segir að fyrirtækið hafi ekki getað brugðist við niðursveiflu í símasölu með því að auka vöruúrval, því erlendir birgjar vildu ekki gera nýja umboðssamninga við félagið á meðan það var til rannsóknar hjá íslenskum samkeppnisyfirvöldum.

„Ég hef alltaf beðið eftir því að Nokia færi einnig að selja Android-síma í bland við Windows-símana. Fyrr í haust þegar Microsoft keypti Nokia þá gerðum við okkur hins vegar grein fyrir því að nýir eigendur myndu aldrei fara að framleiða síma með Android-stýrikerfinu. Það var forsendan brostin auk þess sem það var of dýrt fyrir okkur að bíða eftir því að Microsoft næði Nokia upp úr þeim öldudal sem það hefur verið í."



> Það verður framtíðarrannsóknarefni fyrir háskólanema hvernig það mátti vera að fjórða dýrasta vörumerki heims gat hrunið á jafn skömmum tíma.

Aðspurður segist Kristján ekki geta metið það hvort Nokia-umboðið geti á endanum farið til umboðsaðila Microsoft á Íslandi.

„Þetta er eitt af því sem við höfum líka velt fyrir okkur og eykur á enn frekari óvissu með umboðið til framtíðar. Annað eins hefur nú gerst," segir Kristján og heldur áfram:

„En það verður framtíðarrannsóknarefni fyrir háskólanema hvernig það mátti vera að fjórða dýrasta vörumerki heims gat hrunið á jafn skömmum tíma og raun ber vitni. En ég er alls ekki að afskrifa Nokia í höndum Microsoft, svo það komi fram," segir Kristján.

haraldur@frettabladid.is

Hlutabréfavelta í Kauphöllinni var 63% meiri en á síðasta ári í nóvember:

# Markaðsvirðið er 48% hærra

Hlutabréfavelta jókst um 11 prósent milli október og nóvember í Kauphöll Íslands (Nasdaq OMX Iceland) samkvæmt mánaðarlegu viðskiptayfirliti Kauphallarinnar. Þá hækkaði Úrsvalsvísitalan (OMXI6) um 3,56 prósent.

Í lok nóvember voru hlutabréf 17 félaga skráð á Aðalmarkað Kauphallarinnar og First North. Heildarmarkaðsvirði þeirra nam 547 milljörðum króna, 48 prósentum yfir virðinu í nóvember í fyrra þegar það var 369 milljarðar.

Viðskipti með hlutabréf í nóvember námu 19.952 milljónum eða 950 milljónum á dag, að jafnaði. Í október námu viðskipti með hlutabréf 855 milljónum á dag.

„Milli ára er þetta 63 prósenta hækkun," segir í tilkynningu Kauphallarinnar, en í nóvember í fyrra námu viðskipti að jafnaði 583 milljónum króna á dag.

Mest voru viðskipti með hlutabréf Icelandair Group, fyrir rúma 6,2 milljarða króna og bréf Marels fyrir 2,9 milljarða. Þar á eftir komu VÍS með tæplega 2,9 milljarða og TM með tæpa 2,7 milljarða króna.

„Viðskipti með skuldabréf námu 169 milljörðum í síðasta mánuði sem samsvarar 8,1 milljarðs veltu á dag. Þetta er 56 prósenta hækkun frá fyrri mánuði," segir í tilkynningu Kauphallar, en í október var skuldabréfavelta á dag 5,2 milljarðar á dag. Veltuaukning milli ára var eitt prósent. Dagvelta í nóvember í fyrra nam átta milljörðum króna.

- óká



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** Nasdaq OMX gefur mánaðarlega út viðskiptayfirlit frá kauphöllum sínum á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í verslun og þjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Hrafnhildur Garðarsdóttir hefur áralanga reynslu í ráðgjöf til fyrirtækja í verslun og þjónustu, auk 20 ára reynslu í hótel- og veitingageiranum.

Hrafnhildur er viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

Brugðist við nýjum reglum Evrópusambandsins:

# Danskir bankar standast álagspróf

Stórir bankar í Danmörku koma til með að standast væntanlegt álagspróf Evrópusambandsins (ESB) með ágætum, segir Lars Rohde, seðlabankastjóri Danmerkur.

Berlingske Tidende hefur eftir Rohde á ársfundi Samtaka danskra fjármálafyrirtækja (Finansrådet) sem fram fór á mánudag að Seðlabankinn hafi búið til sitt eigið álagspróf, til undirbúnings fyrir væntanlegt Evrópupróf. Niðurstöðurnar úr því prófi, sem ekki hafa enn verið gerðar opinberar, sýni að stærri danskir bankar standi vel undir þeim kröfum sem gerðar verði í komandi álagsprófi.



**FJÁRHIRSLA Í DANSKE BANK** Danskir bankar eru sagðir vel undir það búnir að takast á við möguleg áföll. MYND/DANSKE BANK

Þeir hafi komist í gegn um allar sviðsmyndir sem teiknaðar hafi verið upp án þess að eiginfjárstaða þeirra hafi farið niður fyrir átta prósent, en þar liggja mörkin sem ESB setur. - óká

Volvo tekur þátt í tækniframfaraslag bílaframleiðenda:

# Búa til sjálfstýrðan bíl

Bílaframleiðandinn Volvo í Svíþjóð hefur bæst í þann hóp framleiðenda sem keppa að því að framleiða sjálfstýrða bíla. Fyrirtækið segist ætla að smíða hundrað slík farartæki í tilraunaverkefni, að því er fram kemur hjá fréttaveitu AP.

Fyrirtækið, sem er í kínverskri eigu, segir fyrirhugað að prófanir hefjist á völdum vegum, 50 kílómetrum í allt, í Gautaborg í Svíþjóð árið 2017.

Verkefnið er sagt fyrsta stóra tilraunin með bifreiðar sem aka sér sjálfar. Bílarnir eiga að ráða við alla þætti akstursins, þótt gert sér ráð fyrir að ökumaður sé til taks stöku sinnum. Lagning í stæði verður hins vegar alveg sjálfvirk og getur ökumaður farið á meðan bíllinn finnur stæði.

Það styttist í sjálfstýrða bíla með auknum möguleikum til að búa bíla tölvum og myndavélum. - óká

# Hilton-útboð með þeim stærstu í ár

*Hlutafjárútboð Hilton-hótelkeðjunnar hinn 12. þessa mánaðar gæti skilað jafnvirði 283,5 milljarða króna. Skrá á keðjuna í New York.*

**BANDARÍKIN**
**Óli Kristján Ármason** | olikr@frettabladid.is

Safnast gætu allt að 2,37 milljarðar Bandaríkjadala í fyrirhuguðu hlutafjárútboði vegna skráningar Hilton-hótelkeðjunnar í Kauphöllina í New York, að því er eignarhaldsfélagið Hilton Worldwide Holdings Inc. hefur upplýst. Upphæðin jafngildir 283,5 milljörðum íslenskra króna.

Gangi þessar áætlanir eftir verður útboðið eitt af þeim stærstu í ár og líkast til stærsta hlutafjárútboð í hótelgeiranum frá upphafi.

Í tilkynningu til kauphallar kemur fram að í boði verði 112,8 milljónir hluta og að búist sé við að verðið verði á milli 18 og 21 Bandaríkjadalur á hlut. Hilton selur um 64,1 milljón hluta og aðrir hluthafar bjóða fram 48,7 milljónir hluta. Sala viðbótarhluta til banka gæti orðið til þess að afrakstur útboðsins næði allt að 2,72 milljörðum dala, eða meira en 325 milljörðum króna.

Aðstæður fyrir útboð eru taldar hagfelldar nú, en hótelgeirinn hefur verið að rétta úr kútnum síðustu tvö ár eftir niðursveiflu í kjölfar hruns fjármálakerfisins, auk þess sem aukið líf hefur færst í hlutabréfamarkaði með fjölgun hlutaskráninga. Í Bandaríkjunum hafa um 200 fyrirtæki verið skráð á markað á þessu ári.

Nái verð hlutabréfa í útboði Hilton-keðjunnar að fara yfir miðgildi þess verðbils sem búist er við verður útboðið annað eða þriðja stærsta útboð ársins í Bandaríkjunum í ár. Það færi þá yfir útboð Twitter sem safnaði 2,1 milljarði dala (251 milljarði króna) í síðasta mánuði, en yrði undir hlutafjárútboði olíu- og gaslagnafyrirtækisins Plains GP Holdings LP, sem fór í 2,9 milljarða dala (347 milljarða króna) í október.

Þegar eru hafnar kynningar á hótelkeðjunni fyrir fjárfesta, en áætlað er að útboðið hefjist eftir lokun markaða 12. þessa mánaðar. Búist er við að kennimerki skráðs félags í Kauphöllinni í New York verði „HLT“.




**MILLENIUM HILTON Í NEW YORK** Hlutafjárútboð fyrir skráningu Hilton-hótelkeðjunnar í Kauphöllina í New York gæti orðið með þeim stærstu í ár og það stærsta nokkurn tíma í hótelgeiranum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**SÍMASKJÁR** Hér má sjá meðal annars sjá flýtihneppingu í Twitter-appið á skjá iPhone-farsíma frá Apple. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrirtækjakaup tryggja farsímarisa innsýn í strauma á Twitter:

# Apple kaupir sprotafyrirtækið Topsy Labs

Eftir kaup á sprotafyrirtækinu Topsy Labs öðlast tölvu- og farsímarisinn Apple aukna innsýn í andrúmsloftið á samfélagsmiðlinum Twitter á hverjum tíma.

Að sögn fréttaveitu AP rýnir Topsy í umræðuþræði á Twitter og greinir bæði viðfangsefni og einstaklinga sem áhrif hafa á almenningsálit. Sprotafyrirtækið starfrækir líka ókeypis leitarvél á netinu og segist eiga á skrá allar færslur (tvít) á Twitter allt frá árinu 2006. Nokkuð sem Twitter býður ekki einu sinni notendum sínum upp á.

Kristin Huguet, talsmaður Apple, staðfesti kaupin í byrjun vikunnar, án þess að orðlengja um fyrirætlanir Apple með greiningartækjum Topsy. Þá hefur kaupverðið ekki verið gefið upp.

„Apple kaupir stöku sinnum smærri tæknifyrirtæki og alla jafna ræðum við hvorki ástæður okkar fyrir því eða fyrirætlanir,“ sagði hún.

Vitað er að Apple hefur árum saman reynt að auka auglýsingatekjur úr fartækjum. Meiri þekking á vinsælustu viðfangsefnum á Twitter gæti hjálpað til við auglýsingasölu í iPhone-síma og iPad-tölvur.

Eins gætu kaupin einfaldlega verið gerð með það fyrir augum að útbúa leitarvirkni í iPhone sem ekki er til staðar hjá símum helstu keppinauta, sem nota Android-stýrikerfi Google. Google hefur ekki náð viðlíka höfundarréttarsamningum og Topsy sem gefa myndi leitarvél fyrirtækisins fljótvirkari og dýpri aðgang að gögnum Twitter. - óká



Deloitte.

# Er þitt fyrirtæki næst?

## Varnir gegn tölvuárásum - við getum aðstoðað

Öll fyrirtæki og stofnanir búa yfir viðkvæmum gögnum sem þarf að vernda. Afleiðingar af gagnastuldi og upplýsingaleka geta verið víðtækar og alvarlegar.

Deloitte er á meðal fremstu fyrirtækja hér á landi er kemur að ráðgjöf á sviði upplýsingaöryggis og innleiðingu á fyrirbyggjandi aðgerðum gegn mögulegum tölvuárásum, upplýsingaleka og gagnastuldi.

Hafðu samband við sérfræðinga okkar í upplýsingaöryggisþjónustu til að heyra hvernig við getum aðstoðað þig;

**Deloitte ehf., Smáratorgi 3, sími: 580-3000 netfang: oryggi@deloitte.is**



**www.deloitte.is**



**SÍS** Höfuðstöðvar Sambandsins voru lengi við Sölvhólsgötu þar sem menntamálaráðuneytið er í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.



**KJÖTFJALLIÐ** Sambandið réð yfir miklum frystigeymslum sem geymdu frystar kjötafurðir við öll sláturhús landsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.

# Vilja fjölga verkefnum SÍS

***Samband íslenskra samvinnufélaga (SÍS) er ekki dautt úr öllum æðum. Félagið hélt aðalfund í nóvember og stjórn þess fundar reglulega. Hannes Karlsson, stjórnarformaður SÍS, segir að félagsmenn séu nú að meta stöðuna upp á nýtt og mögulegt framtíðarverkefni félagsins.***

**VIÐTAL**
**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

„Við héldum aðalfund á Húsavík í nóvember og það eru heilmiklar pælingar í gangi,“ segir Hannes Karlsson, stjórnarformaður Sambands íslenskra samvinnufélaga (SÍS).

SÍS, eða Sambandið eins og það var kallað í daglegu tali, fagnaði 111 ára afmæli í febrúar á þessu ári. Þá var liðið 21 ár frá endalokum SÍS-veldisins þegar Landsbankinn skipti fyrirtækinu upp eftir erfið ár sem einkenndust af breyttum rekstraraðstæðum og aukinni skuldasöfnun. Sambandið hafði þá um áratugaskeið verið stærsta fyrirtæki landsins og mikill áhrifavaldur í íslensku atvinnulífi.

Um 35 samvinnufélög eru skráð á landinu í dag og um tuttugu þeirra eru virk. Má þar nefna Kaupfélag Suðurnesja, KEA, Sláturfélag Suðurlands, leigubílastöðina Hreyfil, Kaupfélag Skagfirðinga og húsnæðissamvinnufélagið Búseta.

**Félögin að ná vopnum sínum**

„Sambandið hefur haldið aðalfund á hverju ári og stjórn þess fundar reglulega. Aðalfundurinn í ár var fínn og þar mættu um þrjátíu til fjörtíu aðilar sem hafa rétt til setu á aðalfundi. Þar stilltum við upp vangaveltum varðandi mögulega framtíð SÍS og það er ljóst að menn vilja halda þessu áfram,“ segir Hannes. Hann segir að SÍS hafi að loknum aðalfundi haldið málþing um samvinnumál.



HANNES KARLSSON

„Þar urðu miklar umræður um samvinnufélög í heiminum. Nokkrir samvinnumenn fóru á síðasta ári til Manchester á alþjóðaráðstefnu samvinnufélaga. Þar var alveg ljóst að samvinnufélögin, ekki síst þau í Evrópu, eru að fyllast sjálfstrausti og að ná vopnum sínum aftur eftir frekar mögur ár,“ segir Hannes.

Hann segir að rekstur evrópsku samvinnufélaganna sé ólíkur rekstri SÍS á árunum fyrir 1992.

„Þessum félögum er nú oftast skipt í neytendafélög og framleiðendafélög, en þessum tveimur þáttum var blandað saman innan íslensku samvinnufélaganna. Ég held að þetta sé mjög eðlileg þróun sem hefði að öllum líkindum orðið hér á landi ef Sambandið hefði haldið áfram,“ segir Hannes.

**Eignarhaldsfélagið SÍS**

SÍS er í dag eignarhaldsfélag sem á eignarhluti í líftryggingafélaginu Andvöku og fyrirtækinu GS1, sem sér meðal annars um útgáfu strikamerkja.

„Það eru ekki miklir fjármunir í félaginu en það eru einhverjar eignir. Síðustu ár hefur SÍS sett heilmikla fjármuni inn í Háskólann á Bifröst og á þar



**JANÚAR 1966** Starfsmenn SÍS í Hafnarfirði pakka fiskafurðum í umbúðir Sambandsins.

## HVAÐ ERU SAMVINNUFÉLÖG?

Samvinnufélög eru stofnuð á samvinnugrundvelli með því markmiði að efla hag félagsmanna eftir viðskiptalegri þátttöku þeirra í félagsstarfinu. Í samvinnufélögum er félagatala óbundin, stofnfé ekki fastákveðin fjárhæð og félagsmenn og aðrir félagsaðilar bera ekki persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins.

## SKJALASAFN SÍS VEGUR TUTTUGU TONN

Þjóðskjalasafn Íslands fékk á síðasta ári skjalasafn SÍS til varðveislu. Skjalasafnið, sem geymir ýmsar frumheimildir um sögu Sambandsins, kom með flutningabíl með tengivagni frá Húsavík á sextíu vörubrettum. Safnið er í um átta þúsund skjalaöskjum og vegur um tuttugu tonn.



NJÖRÐUR SIGURÐSSON

„Þetta er stærsta einkaskjalasafn sem við höfum tekið við. Það hefur því tekið nokkurn tíma að ganga frá safninu og skjalaskrá þess. Við erum á síðustu metrunum og vonumst til að klára þetta á næstu vikum,“ segir Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjalasviðs Þjóðskjalasafns Íslands.

„Við teljum stærð skjalasafna í hillumetrum, þar sem ein skjalaaskja er sett upp á rönd, og þetta skjalasafn telur um fimm til sex hundruð hillumetra. Í skjalaskránni sjálfri skráum við upplýsingar um það sem finna má í safninu og það eru um fjörutíu þúsund færslur í skránni.“

Njörður segir að elstu skjölin í skjalasafni SÍS séu frá síðari hluta 19. aldar og þau yngstu frá síðustu aldamótum.

Ætlið þið að gera efnið aðgengilegt á netinu?

„Það er ekkert búið að ákveða hvort þetta verði sett á netið en við hefðum áhuga á að gera það. Það væri verkefni sem við þyrftum að fara í með SÍS,“ segir Njörður.



**Í FLUTNINGABÍL FRÁ HÚSAVÍK** Skjalasafni SÍS var staflað á sextíu vörubretti.
MYND/ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## BESTA FLUGFÉLAGIÐ

**Etihad-flugfélagið, sem er ríkisrekið flugfélag í Arabísku furstadæmunum, var valið besta flugfélag í heimi í árlegri veislu World Travel Awards sem haldin var í Doha í Katar um síðustu helgi. Þetta er fimmta árið í röð sem félagið fær þessi verðlaun.**


Lionssalurinn Lundur

• Jólahlaðborð
• Árshátíðir
• Þorrablót

Brúðkaupsveislur.is
Fermingarveislur.is
Cocktail.is
Veisluþjónusta

Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994



Útsala hafin af yfirhöfnum, tilvalið í jólagjöfina hennar.

Nú er kalt í veðri og gott að hlýja sér í yfirhöfnum frá okkur.
Sjáðu úrvalið á www.facebook.com/Parisartizkan





BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770




**RISABORGARI** Hann er engin smásmíði, tveggja kílóa borgarinn á Texasborgurum.

MYND/DANÍEL


2 FYRIR 1

Af Texasostborgara með frönskum gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.290 kr. fyrir tvo. Gildir til 31.12.2013. www.texasborgarar.is. s: 517 3130


# TVEGGJA KÍLÓA TEXASBORGARI!

**TEXASBORGARAR KYNNA** *Þeir sem þora að taka áskoruninni geta glímt við tveggja kílóa hamborgara á Texasborgurum við Grandagarð.*

Sagt er allt sé stórt í Texas og það á svo sannarlega líka við um nýjasta hamborgarann á Texasborgurum við Grandagarð, 2 kílóa nautaborgara að amerískri fyrirmynd. Hraustmenni sem ná að klára risaborgarann ásamt meðlæti á innan við klukkustund fá hann endurgreiddan, en verðið á tröllinu er 5.900 kr. Áskorandinn er jafnframt lýstur heiðursborgari Texasborgara og er það staðfest með viðurkenningarskjali.

„Ég tók svipaðri áskorun á veitingahúsi í Texas í síðasta mánuði og mér fannst rakið að bjóða upp á þetta hér heima," segir Magnús Ingi Magnússon, veitingamaður. En náði hann að klára? „Fólk kemst að því eftir áramót þegar ég sýni frá áskoruninni í þættinum mínum Eldhús meistaranna á ÍNN."

Svona er risaborgaramáltíðin samsett: 2 kílóa nautahamborgari, 400 g hamborgarabrauð, 100 g tómatar, 100 g rauðlaukur, 100 g jöklasalat, 50 g hamborgarasósa, 50 g Texasgrillsósa, 200 g franskar og ½ l vatn. Þeir sem vilja geta valið sér viðbótarmeðlæti, eins og ost, kokteilsósu, bernaise-sósu og gos. Og leikreglurnar eru þessar: Áskorandinn þarf að sitja við borðið allan tímann og klára allt af disknum á innan við 60 mínútum.

Panta þarf borgarann með dagsfyrirvara en nánari upplýsingar er að finna á Facebook-síðu Texasborgara.

Svo er bara spurningin hver verður fyrstur til að ávinna sér heiðursborgaratign.

**RISASTÓR**

Sá sem klárar 2 kg hamborgara á klukkustund verður lýstur heiðursborgari Texasborgara.




OUTLET-SKÓR | FISKISLÓÐ 75 | 101 REYKJAVÍK
Opið: mán-fös 13-18 & lau 12-16 sími: 514 4407



Við bjóðum frábært verð

Umfelgun á fólksbíl 5490.- Umfelgun á smájeppa 6490.-




Til eldri borgara:

Umfelgun á fólksbíl 4990.- Umfelgun á smájeppa 5990.-

VDO Borgardekk

Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is

## JÓLAIÐNAÐURINN Í KÍNA

**JÓLADÓTIÐ** Jólaiðnaðurinn er risastór. Í Kína er framleitt langmest af leikföngum og öðrum hlutum sem ætlaðir eru til jólagjafa. Talið er að 75% allrar leikfangaframleiðslu í heiminum fari fram þar í landi. Fyrir jólin er unnið nánast allan sólarhringinn í þeim átta þúsund leikfangaverksmiðjum sem eru í Kína. Þar verða til alls kyns leikföng og meðal annars mjúk tuskudýr sem eru eins og Disney-fígúrur og börnin vilja eignast. Fyrir jólin í fyrra var fjallað um það í Daily Mail að starfsmenn þessara verksmiðja vinni að minnsta kosti fimmtán tíma á dag. Í einum vinnusalnum störfuðu eitt þúsund manns sem hvorki fengu að tala saman á vinnutíma né hlusta á tónlist. Þeir voru þvingaðir til að borða mat sem fyrirtækið útvegaði og taldist ekki sérlega næringarríkur. Starfsfólkið þarf að búa á staðnum og sofa í svefnálmum þar sem fjórtán starfsmenn deila sömu dýnu. Mánaðarlaun eru undir 30 þúsundum. Ýmis mannréttindasamtök hafa fjallað um aðstæður og kjör þessa fólks.



# UNDIRBÚNINGUR SKIPTIR MÁLI

**GENGIÐ Í VETUR** *Aðstæður breytast fyrir göngumenn hérlendis yfir veturinn. Mikilvægt er að huga vel að undirbúningi og góðum búnaði.*

Gönguferðir og fjallgöngur verða sífellt vinsælli meðal Íslendinga á öllum aldri. Nú þegar veturinn er genginn í garð breytast aðstæður fyrir göngumenn enda er víða snjóþungt og hált. Nýliðar þurfa sérstaklega að huga að breyttum aðstæðum og segir Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands, að hér á landi sé allra veðra von yfir veturinn og mikilvægt að huga að undirbúningi og búnaði. „Það sem breytist helst hér á landi er að allar aðstæður verða erfiðari og göngumenn geta fyrirvaralaust lent í blindbyl. Margir ganga sömu gönguleiðir og fjöll og þeir gengu um sumarið en þar geta aðstæður verið allt aðrar yfir veturinn. Því er mikilvægt að vera búinn að skipuleggja ferðina vel, jafnvel þótt um stutta dagsferð sé að ræða.“

Því er mikilvægt fyrir göngumenn að vera meðvitaðir um hvaða leiðir séu farnar. „Ég get tekið Esjuna sem dæmi. Það er mjög vinsælt að labba upp á hana yfir sumartímann en yfir veturinn er ekki skynsamlegt fyrir óvana göngumenn að vera þar á ferli. Klettarnir geta verið flughálir og hættulegir. Það er nóg af fjöllum hér á suðvesturhorninu sem bjóða upp á betri aðstæður yfir vetrartímann.“

Hann nefnir í því sambandi Úlfarsfell, Helgafell og Mosfell og síðan sé alltaf vinsælt að klífa Ingólfsfjall. „Það er nóg af fjöllum með langar aflíðandi brekkur í stað þess að vera í klettum eða bröttu umhverfi.“

Góður búnaður skiptir auðvitað miklu máli. Göngumenn verða að vera vel skóaðir og í hlýjum fatnaði. „Það er síðan mjög gott að vera með GPS-tæki ef maður skyldi lenda í blindbyl. Einnig er góð regla að vera ekki einn á ferð heldur í að lágmarki tveggja til þriggja manna hópi og láta um leið nánustu aðstandendur vita um ferðaáætlun, jafnvel þótt um stutta dagsferð sé að ræða.“



**VETRARFEGURÐ** Skagfjörðsskáli í Þórsmörk er vinsæll áfangastaður yfir vetrartímann hjá göngumönnum. MYND/BRYNHILDUR ÓLAFSDÓTTIR



**ALLRA VEÐRA VON** „Aðstæður verða erfiðari og göngumenn geta fyrirvaralaust lent í blindbyl,“ segir Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri FÍ. MYND/STEFÁN

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS
Amerísk gæðavara





Sniðugt og bragðgott jólahlaðborð fyrir smærri fyrirtæki, heimili og klúbba
Frá Höfninni



Litlu jólin
Glæsilegt ekta jólahlaðborð í sniðugum umbúðum fyrir smærri fyrirtæki, heimili og klúbba. Maturinn er tilbúinn beint á borðið og aðeins þarf að hita sósu og uppstúf ásamt baunum og rauðkáli eftir smekk.
Þú pantar með góðum fyrirvara, þó eigi síðar en 2 dögum áður og við höfum tilbúið fyrir þig að sækja þann dag sem veislan er haldin.
Rauðbeðusíld
Karrýeplasíld
Graflax og dillsósa
Kryddjurtabökuð bleikja
Sýrt grænmetissalat
Kalkúnabringa og aspas
Hamborgarhryggur
Hangikjöt og ananas
Jólapaté og sulta
Kartöflusalat
Eplasalat
Rauðkál, baunir
Kartöflur og uppstúf
Rauðvínssósa
Laufabrauð, rúgbrauð, baguettebrauð
Allt þetta fyrir aðeins 3650 kr. á mann eða 14.600 kr. fyrir 4*
Brynjar Eymundsson
matreiðslumeistari



HÖFNIN The Harbour RESTAURANT



*Hver bakki er fyrir 4 og þarf að miða við það.
Höfnin Geirsgötu 7c Símar: 5112300 - 8941057 www.hofnin.is



**ÁHRIF** Sjónvarpsþættir hafa áhrif á foreldra þegar þeir gefa börnum sínum nafn.

# SÆKJA NÖFN TIL DOWNTON ABBEY

*George hefur verið vinsælt nafn í Bretlandi lengi og þó sérstaklega eftir að yngsti prins landsins fékk það nafn. Nú eru hins vegar konungleg nöfn að víkja fyrir nöfnum úr þáttunum Downton Abbey.*

Nafnið Harry var vinsælt í lengri tíma, sérstaklega á meðan Harry Potter-myndirnar voru vinsælastar. Nú eru George, Kate, William og Harry á fallanda fæti eftir því sem segir í The Times.

Ný nöfn stinga upp kollinum á vinsældalistanum, sérstaklega úr þáttunum Downton Abbey.

Þannig eru stúlknanöfnin Violet, Elsie, Ivy, Rose, Mary og Cora komin á listann ásamt drengjanöfnunum Thomas og Matthew. Öll þessi nöfn eru þekkt úr sjónvarpsseríunni.

Einnig gætir áhrifa á nafngiftir frá þáttunum Breaking Bad, til dæmis Jesse, sem er ein aðalpersónan í þeim þáttum, og Skyler.

Sjónvarpsþættirnir Game of Thrones hafa gert nafnið Arya vinsælt í Bretlandi og sömuleiðis nafnið Sansa. Homeland hefur einnig áhrif á nafngiftir en þar koma fyrir nöfnin Nicholas og Brody.

Oliver og Olivia eru afar vinsæl nöfn um þessar mundir í Bretlandi en nöfn eru líka sótt í Biblíuna; Jacob og Noah eru á lista yfir tíu vinsælustu drengjanöfnin. Önnur vinsæl drengjanöfn eru Jason, Tristan og Arthur. Annað nafn litla prinsins, Alexander, hefur einnig tekið kipp að undanförnu.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

# Graníthöllin
Hrefna er þroskuð en hugsanlega mætti setja spurningarmerki við hugmyndir hennar um fjölskyldur. Á einum stað segir hún til dæmis að þó hún hafi lent hjá góðu fólki þá jafnist ekkert á við alvöruforeldra.

**Halla Þórlaug Óskarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA** Hress og spennandi unglingabók, vel skapaðar persónur og söguþráður sem hefði þó vel mátt við fleiri blaðsíðum.

VARA SEM Á HEIMA
Í ÞÍNU ELDHÚSI




BÓNUS HAGKAUP

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus

HEIMA

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
*Tilnefning*

# HÚRRA FYRIR HÖFUNDUNUM!

## — FAGURBÓKMENNTIR —



Guðmundur Andri Thorsson



Sjón



Vigdís Grímsdóttir




★★★★ JYJ / Fréttablaðið

★★★★ RÁ / Pressan.is




★★★★★ FB / Fréttablaðið

★★★★½ EFI / Morgunblaðið




★★★★★ HJ / Pressan.is

★★★★ JYJ / Fréttablaðið

Einnig fáanlegar sem rafbækur

# ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN

TILNEFNINGAR 2013

FORLAGIÐ
www.forlagid.is



**FANNST HÚN OF GÖMUL** Helga Kristín eignaðist barn 39 ára gömul og fékk á tilfinninguna að hún væri of gömul. FRÉTTABLAÐIÐ/EINKASAFN

# Eggjastokkum líkt við rotnuð epli

Helga Kristín Hallgrímsdóttir er lektor í félagsfræði í Háskólanum í Victoria á vesturströnd Kanada. Hún heldur fyrirlestur á Háskólatorgi í dag sem ber titilinn Þekking er vald: Áhætta og siðferðisleg ábyrgð verðandi mæðra í sögulegu ljósi.

„Þegar fjallað er um eldri mæður er eins og verið sé að gefa í skyn að þær séu afbrigðilegar,“ segir Helga Kristín Hallgrímsdóttir, lektor í félagsfræði. Hún heldur fyrirlesturinn Þekking er vald: Áhætta og siðferðisleg ábyrgð verðandi mæðra í sögulegu ljósi á Háskólatorgi í dag frá 12 til 13.

„Í félagsfræðilegu og læknisfræðilegu samhengi er talað um áhættu. Áhætta þýðir að maður eigi að taka ábyrgð á því sem maður gerir og að maður eigi ekki að gera hluti sem hafa fyrirsjáanlegar hættulegar afleiðingar. Ég eignaðist barn þegar ég var 39 ára og þá fékk ég á tilfinninguna að ég væri of gömul. Það vakti forvitni mína á því hvaðan þetta hugtak „eldri móðir“ kemur, því það er tiltölulega ný hugmynd. Langömmur okkar tvínónuðu ekkert við barneignir þótt þær væru orðnar 35 ára. Mér þótti snjallt að skoða eldri umræðu um þetta.“

Í þessari rannsókn skoðaði Helga Kristín tímabilið 1880-1920 í Kanada. „Á þessu tímabili hætti læknisfræði að einskorðast við meðhöndlun sjúkra og læknar fóru að hugsa um bæði veikt fólk og fólk sem var ekki enn orðið veikt. Þarna breytist hugsunin um meðgöngu. Þá var byrjað að meðhöndla hana sem eitthvað sem var hugsanlega sjúklegt. Hlutverk konunnar var að koma í veg fyrir þessa hugsanlega sjúklegu hluti sem gátu gerst.“

Gögnin sem Helga Kristín notar eru bæklingar sem voru búnir til af læknum fyrir konur að lesa og birtir í Kanada. Í þessum bæklingum fá konur ráð um hvernig þær eiga að koma í veg fyrir sjúklega atburði á meðgöngunni sem þær báru siðferðislega ábyrgð á. Þau atriði sem einkenndu siðferðislega ábyrga hegðun á meðgöngu voru ekki endilega þau sömu nú og þá.

„Ég fann ekkert um of háan aldur kvenna í þessum gögnum. Þegar talað var um aldur var talað um að of ungar konur áttu ekki að eignast börn og það var líka ekki gott ef faðirinn var of gamall. Nú til dags er lítið talað um aldur feðra. Kynferði kvenna var oft líkt við ávexti, þegar konur urðu til dæmis 46 ára var eggjastokkunum líkt við rotnuð epli. En samt þótti ekkert slæmt að eiga barnið þótt þú værir komin á þann aldur. Ef þú varst enn þá frjó var allt í lagi að eiga barn.“

Konum var uppálagt að sýna ábyrgð í makavali. „Ef þú giftist manni sem var lélegur til andlegrar heilsu og svo dó hann, en svo áttirðu börn með öðrum manni sem var betri, þá var talið að fyrra hjónabandið hefði varanleg áhrif á æxlunarfærin og það skilaði sér í börnunum sem þú áttir með seinni manninum þótt hann væri gott eintak. Það má setja þetta í samhengi við að á þessum tíma í Norður-Ameríku var mikill áhugi á kynbótum í Bandaríkjunum og þarna höfðu konur það hlutverk að búa til góða þegna með því að gifta sig rétt. Þetta er nokkurs konar tilraun til kynbóta.“

Helga Kristín bendir einnig á að á þessum tíma höfðu konur ekki kosningarétt. „Konur voru gerðar ábyrgar þegar þær höfðu ekkert vald sjálfar. Konur notuðu þessa ábyrgð sína á meðgöngunni til þess að fá kosningarétt, til þess að biðja um meiri þátttöku. Svo hefur meðganga líka verið notuð til að stuðla að sjálfstæðisleysi. Þá er gefið í skyn að þótt þú getir orðið ófrísk þá getirðu ekki endilega orðið móðir. Einhver sérfræðingur þarf að kenna þér að vera móðir. Ábyrgð kvenna á meðgöngu hefur því bæði stuðlað að sjálfstæði kvenna og sjálfstæðisleysi.“

*ugla@frettabladid.is*

> **Kynferði kvenna var oft líkt við ávexti, þegar konur urðu til dæmis 46 ára var eggjastokkunum líkt við rotnuð epli.**
>
> *Helga Kristín Hallgrímsdóttir*

## → Nokkur dæmi um siðferðislega hegðun á meðgöngu

Forðast móðursýki (þótti geta valdið fósturláti).
Forðast allt kynlíf.
Forðast að hugsa um kynlíf (ef konur hugsuðu um kynlíf á meðgöngu var hætta á að börn fengju fæðingarbletti eða yrðu vangefin).
Að passa sig á hvað maður borðaði og ferðast ekki í hestvagni (þetta er kunnuglegra í dag).

* Tekið úr bæklingunum Counsel to Parents, And How to Save the Baby og Ladies‘ Guide in Health and Disease

Í nútímanum að sögn Helgu Kristínar:
Passa mataræði
Passa þyngdaraukningu.



# Rokkgoðsögn á rólegu nótunum

TÓNLIST ★★★★☆

**Mark Lanegan**
Tónleikar
**FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK 30. OKTÓBER**



**MARK LANEGAN** Tónleikar rokkarans í Fríkirkjunni voru mjög vel heppnaðir.
MYND/ALÍSA KALYANOVA

Mark Lanegan, fyrrum liðsmaður Screaming Trees og núverandi samstarfsmaður Queens of the Stone Age, hefur á ferli sínum gefið út átta sólóplötur. Sú nýjasta heitir Imitations þar sem hann syngur hin ýmsu lög eftir aðra.

Þessir fyrri tónleikar hins 49 ára Lanegans í Fríkirkjunni voru þeir fyrstu sem hann hélt á Íslandi. Með rámri rödd sinni sagði hann það hafa verið draum sinn í mörg ár að spila í Reykjavík. Hann var að ljúka tónleikaferðalagi sínu um Evrópu til að kynna Imitations og spilaði fyrir vikið mörg lög af henni.

Lanegan steig á svið rétt fyrir klukkan 22 eftir að þeir Duke Garwood og Lyenn höfðu hitað upp hvor í sínu lagi í um klukkustund. Eftirvæntingin eftir Lanegan var svo mikil að um helming-ur áhorfendanna í Fríkirkjunni reis úr sætum sínum og klappaði er hann steig á sviðið. Með honum voru fimm hljóðfæraleikarar, þar af tveir strengjaspilarar, einn blásari og þeir Garwood og Lyenn, sem spiluðu á gítar og bassa.

Eins og tónleikastaðurinn gefur til kynna voru lögin sem Lanegan flutti í rólegri kantinum en bestur var hann þegar hann spreytti sig á blúsnum, þar á meðal í Cold Molly. Önnur eftirminnileg lög voru til dæmis The Gravedigger‘s Song af síðustu plötu hans og lokalagið Solitaire af nýju plötunni.

Einnig heppnaðist vel útgáfa Lanegan af Satellite of Love sem hann tileinkaði höfundinum sáluga, Lou Reed.

**Freyr Bjarnason**

**NIÐURSTAÐA:** Rólegir en flottir tónleikar hjá mikilli rokkgoðsögn.





Livostin augndropar og nefdropar eru fljótvirk ofnæmislyf með langvarandi verkun. Nota má Livostin samtímis inntöku annarra ofnæmislyfja.

Livostin®
Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Livostin® (levokabastin); nefúði, dreifa 50 míkróg/skammt og augndropar, dreifa 0,5 mg/ml. Livostin er notað gegn ofnæmisnefbólgu og ofnæmistárubólgu í augum. **Skömmtun:** Nefúði: 2 úðaskammtar í hvora nös tvisvar á dag. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkenni eru horfin. Augndropar: 1 dropi í hvort auga 2 sinnum á dag. Gefa má skammtinn allt að 4 sinnum á dag sé þörf á. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkenni eru horfin. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir levokabastini eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Livostin augndropar innihalda rotvarnarefnið benzalkoníumklóríð sem getur valdið ertingu í augum og mislitað mjúkar augnlinsur. Varast skal að það komist í snertingu við mjúkar augnlinsur. Fjarlægið augnlinsur fyrir notkun augndropanna og bíðið í 15 mín. áður en þær eru settar í á ný. Livostin nefúði inniheldur rotvarnarefnið benzalkoníumklóríð og própýlenglýkól sem geta valdið ertingu í húð. **Meðganga og brjóstagjöf:** Livostin má nota á meðgöngu og við brjóstagjöf. **Áhrif á akstur og notkun véla:** Livostin hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla. Gæta skal varúðar ef syfja kemur fram. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

Rannsóknaþing 2013
Stefna Vísinda- og tækniráðs 2013 - 2016




Dagskrá

8:30 Opnunarávarp
Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra

8:50 Kynning á stefnu Vísinda- og tækniráðs 2013-2016
Guðrún Nordal, formaður vísindanefndar
Sveinn Margeirsson, formaður tækninefndar

9:20 Hringborðsumræður um stefnu Vísinda- og tækniráðs
**Þátttakendur:**
Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands
Guðmundur F. Sigurjónsson, forstjóri Kerecis
Vilborg Einarsdóttir, forstjóri Mentor
Þórarinn Guðjónsson, formaður Vísindafélags Íslendinga

10:00 Afhending Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs
Freysteinn Sigmundsson gerir grein fyrir starfi dómnefndar
**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og formaður Vísinda- og tækniráðs afhendir Hvatningarverðlaunin 2013**

Fundarstjóri: Hallgrímur Jónasson, forstöðumaður Rannís

**Morgunverður í boði frá kl. 8:15**
**Skráning á rannis@rannis.is**

VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Sony Center
www.sonycenter.is







STÓRT OG GOTT Á FRÁBÆRU VERÐI
50" LED SJÓNVARP KDL50W656
- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Nettengjanlegt og innbyggt WiFi

VERÐ 259.990.-

5 ÁRA ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM SJÓNVÖRPUM

HEIMABÍÓ M. ÞRÁÐLAUSUM BASSAHÁTALARA
HTCT260H



- 300W 32 bita magnari
- 1 hátalari og þráðlaust bassabox
- Bluetooth tengimöguleiki

VERÐ 79.990.-

SMÍÐUÐ FYRIR ÆVINTÝRIN
Sony ActionCam WIFI HDRAS30



- Full HD vatnsheld upptökuvél
- 1/2.3 baklýst Exmor myndflaga
- Carl Zeiss Tessar linsa f 2.8

VERÐ 59.990.-

GÓÐ KAUP Á ANDROID SNJALLSÍMA
Sony Xperia E



- 3,5" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 3.2 pixla myndavél
- Videoupptaka

VERÐ 25.990.-

FULLKOMNAR MYNDIR BEINT Í SÍMANN ÞINN
DSCQX10



- Myndavél sem smellur á snjallsíma
- 18,2 pixla 1/2.3 Exmor myndflaga
- Full HD Video

VERÐ 39.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni / 569 7700
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri / 569 7645



**LIGGUR EKKI Á** Amy er ekkert að flýta sér.

# Ætlar ekki að gifta sig strax

Leikkonan Amy Adams prýðir forsíðu janúarheftis Vanity Fair og talar um samband sitt við unnustann Darren Le Gallo.

„Ég er ekki ólétt. Ég ætla ekki að gifta mig á næstunni,“ segir Amy í viðtalinu en þau Darren hafa verið trúlofuð síðan árið 2008. „Hann er yndislegur og fallegur og gefur mér eitthvað sérstakt, sem ég gæti aldrei gefið af mér, bara með því að vera hann sjálfur,“ bætir Amy við, greinilega enn þá yfir sig ástfangin. - lkg

# Útlitið ekki slæmt, heldur fyndið

**BAKÞANKAR**
Höllu Þórlaugar Óskarsdóttur



**„MÉR** finnst Bjarni Ben bara ljótur,“ sagði ónefnd vinkona mín um daginn. Þá var hún ekki að tala um persónuleika hans, enda þekkir hún manninn ekki, heldur var hún að vísa í útlit hans. Þetta var auk þess sagt í hita ákveðins augnabliks og ég efast um að hún hafi meint þetta af öllu hjarta. Ég er nú ekki fullkomin en ég reyni samt að forðast niðrandi umræður um útlit fólks eða holdafar. Ég svaraði því: „Æ, hvaða rugl er í þér.“ En þetta vakti mig samt til umhugsunar.

**ÞAÐ** er nefnilega eitthvað sem mér finnst alveg ótrúlega skrítið við útlit Bjarna Ben. Og Sigmundar Davíðs. Stundum brosi ég í kampinn þegar ég sé fréttamyndir af þeim. Stundum fer ég hreinlega að hlæja. Bara við að sjá myndirnar. Ég hafði ekkert velt þessu sérstaklega fyrir mér en svo áttaði ég mig á því hvað þetta er fáránlegt.

**ÞESSIR** menn eru alls ekkert furðulegir í útliti. Samt er ég flissandi núna bara við tilhugsunina um þá. Og svo skildi ég það. Þetta er skopmyndateiknurunum að kenna. Ég er orðin svo vön því að sjá skopmyndir af þessum stjórnmálamönnum með ýkt andlitseinkenni að mér finnst þær orðnar raunverulegri en mennirnir sjálfir. Bjarni Ben er með höku sem ætti að setja snjóvél á og opna fyrir skíðamönnum. Sigmundur Davíð er með uppblásið höfuð og krónískan sorgarsvip. Auðvitað veit ég að þetta er ekki raunin en ég bara trúi þessu samt. Óvart.

**VÆGAST** sagt sjokkerandi hvað heilinn er auðsveipur.

**ÞETTA** vakti mig svo til umhugsunar um hversu mikið af rugli manni finnst eðlilegt bara vegna þess að það dynur á manni í síbylju. Ég þori ekki einu sinni að byrja að sigta út vitleysuna.

**EN** ég held með skopmyndateiknurum. Og þeir halda með þjóðinni. Þeim tekst að benda á fáránleikann í samfélaginu og fá alla með sér í lið. Því húmor er besta bragðið.

**OG** ég treysti þeim til að sigta út vitleysuna.







**MIKIÐ ÚRVAL** Á jólamarkaðinum er margt til sölu, handverk sem framleitt er af starfsmönnum Ásgarðs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Alþingismenn ættu að byrja sérhvern dag á söngstund

**Handverkstæðið Ásgarður heldur árlegan jólamarkað á laugardaginn. Til sölu er handverk eftir starfsmenn Ásgarðs og sætindi frá helstu bökurum landsins. Frábærar jólagjafir segir talsmaður vinnustofunnar.**

Við byrjum alla morgna á því að syngja, ég mæli eindregið með þessu fyrir alla vinnustaði. Ég legg sérstaklega til að þetta verði tekið upp á Alþingi. Þetta hjálpar okkur sérstaklega mikið í undirbúningi fyrir jólamarkaðinn,“ segir Óskar Albertsson, talsmaður vinnustofunnar Ásgarðs. Á laugardaginn halda starfsmenn Ásgarðs árlegan jólamarkað sem hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár. „Þessi markaður hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir okkur. Við erum sjálfseignarstofnun og ágóðinn af jólamarkaðinum fer að miklu leyti í reksturinn okkar.“

Vörurnar á jólamarkaðinum hafa slegið í gegn undanfarin ár að sögn Óskars. „Þetta eru náttúrulega frábærar jólagjafir. Til dæmis eru leikfangavörubílarnir okkar ótrúlega vinsælir. Við framleiðum líka leðurtöskur, símahulstur úr leðri, koparskálar, fullt af leikföngum og fleira og fleira,“ útskýrir Óskar af áhuga. Hann segir undirbúninginn fyrir jólamarkaðinn hafa gengið óvenjuvel þetta árið. „Við spýttum í lófana og bættum í úrvalið okkar. Við eigum líka meira til af vinsælum vörum og ætlum að kynna ýmsar nýjungar í vöruvali,“ bætir Óskar við en vill ekki fara nákvæmlega út í hverjar nýjungarnar verða: „Fólk verður bara að mæta á staðinn og sjá nýjungarnar. Þá getur fólk líka kíkt á jólahlaðborðið okkar, en helstu bakarar landsins og Mjólkursamsalan hafa styrkt okkur. Þarna verða til sölu ýmis sætindi og heitt súkkulaði, ég legg áherslu á súkkulaði, þetta er ekki kakó.“

Óskar segir mikla gleði ríkja á vinnustofunni, þakkar það söngnum alveg sérstaklega. En eitt má laga: Kynjahlutfallið. „Starfsmennirnir okkar eru að langstærstum hluta karlmenn. Við höfum hugsað mikið um þetta og viljum bjóða konur alveg sérstaklega velkomnar hingað.“

Jólamarkaður handverkstæðisins Ásgarðs er frá 12 til 17. Markaðurinn er haldinn á Álafossvegi 22 í Mosfellsbæ.

kjartan@frettabladid.is



**➜ Ásgarður er verndaður vinnustaður í Mosfellsbæ.**
Starfsmenn eru um 40 talsins
Leiðbeinendur eru sjö
Ásgarður heldur árlegan jólamarkað fyrsta laugardag í desember.

SAMBÍÓIN









**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| DELIVERY MAN VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 | 12 |
| PRISONERS SÍÐUSTU SÝNINGAR | KL. 6 - 9 | 16 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| STAND UP GUYS | KL. 10:10 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| GRAVITY 3D | KL. 8 | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| DELIVERY MAN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 10:10 | 12 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 8 | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| DELIVERY MAN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| HUNGER GAMES: CATCHING FIRE | KL. 10:10 | 12 |
| STAND UP GUYS | KL. 8 | 12 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:40 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 10:20 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ





**SMÁRABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE AVALANCHE | KL. 5.50 - 8 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 4 - 5 - 6 - 8 - 9 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 LÚXUS | KL. 8 | 12 |
| THE COUNCELOR | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 10.10 | 14 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 3.30 | L |
| TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE PAST | KL. 5.15 - 10.15 | 12 |
| NORTHWEST | KL. 10.45 | 16 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 8 - 9 | 12 |
| PHILOMENA | KL. 5.45 - 8 | 12 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 8 | 14 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 | 12 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 9 - 10 | 12 |
| NORTHWEST | KL. 6 - 8 | 16 |

Miðasala á: midi.is og eMiði

LAUGARÁS BÍÓ





| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES 2 | 6, 7, 9, 10 | 12 |
| PHILOMENA | 5:50, 8 | 12 |
| CARRIE | 10:10 | 16 |
| FURÐUFUGLAR 2D | 5 | L |

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS





SJÁ SÝNINGATÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



# Jólahátíð Skoppu og Skrítlu

Við þökkum frábærar viðtökur við jólasýningu okkar.

Allt er að seljast upp en enn eru nokkur sæti laus, þar sem við bættum við aukasýningum.

Tryggðu þér miða í tíma.
Með innilegri jólakveðju.



## Næstu sýningar:

7. des. - Uppselt allar sýningar
8. des. - kl. 11 - aukas. örfá sæti laus
8. des. - kl. 13 og 14:30 - Uppselt
14. des. - kl. 11 - aukas. örfá sæti laus
14. des. - kl. 13 og 14:30 - Uppselt
15. des. - Uppselt allar sýningar
21. des. - kl. 13 - Uppselt
21. des. - kl. 14:30 - örfá sæti laus
21. des. - kl. 16 - aukasýning
22. des. - kl. 13 - örfá sæti laus
22. des. - kl. 14:30 - Uppselt
22. des. - kl. 16 - aukasýning
27. des. - kl. 13 og 14:30 - örfá sæti laus
28. des. - kl. 13 og 14:30 - örfá sæti laus
29. des. - kl. 13 og 14:30 - örfá sæti laus

H:N Markaðssamskipti / SIA

Miðasölusími **568 8000** | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið



**EFTIRSÓTT** Guðbjörg hefur slegið í gegn. NORDICPHOTOS/GETTY

## Guðbjörg hjá Potsdam

**FÓTBOLTI** Guðbjörg Gunnarsdóttir er stödd í Potsdam í Þýskalandi þar sem hún mun æfa með stórliði Turbine Potsdam. Margrét Lára Viðarsdóttir lék með liðinu í fyrra og skoraði þá eitt mark í sjö leikjum.

„Það er ekki hægt að hunsa eitt stærsta félag heims þegar það sýnir manni áhuga. Ég mun æfa með liðinu þriðjudag og miðvikudag en eftir það funda ég með forráðamönnum félagsins,“ sagði Guðbjörg í samtali við norska fjölmiðla. - esá




# Einmitt það sem ég þurfti

Landsliðsmarkvörðurinn Hannes Þór Halldórsson er farinn frá KR þar sem hann gekk í gær frá tveggja ára samningi við Sandnes Ulf í Noregi. „Hætt við stöðnun hefði ég ekki farið nú,“ sagði Hannes Þór.

**FÓTBOLTI** „Ég er virkilega ánægður með að þetta sé loksins í höfn,“ sagði Hannes Þór Halldórsson, markvörður KR og íslenska landsliðsins, eftir að hann skrifaði undir tveggja ára samning við norska úrvalsdeildarfélagið Sandnes Ulf. Hann hefur því leikið sinn síðasta leik á Íslandi í bili að minnsta kosti og tekst á við nýjar áskoranir í sterkari deild.

Sandnes Ulf var að klára sitt annað tímabil í norsku úrvalsdeildinni en áður en liðið komst upp í efstu deild árið 2011 hafði Sandnes verið eina borgin af þeim tíu fjölmennustu í Noregi sem ekki hafði átt lið í deild þeirra bestu frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar.

„Mér líst mjög vel á allt sem félagið hefur upp á að bjóða. Liðið er ungt og efnilegt, aðstaðan góð og öflugt 100 þúsund manna bæjarfélag að baki félaginu. Liðið hefur verið að festa sig í sessi í úrvalsdeildinni og ég tel spennandi tíma fram undan,“ segir Hannes.

Hann segir það hafa verið lykilatriði fyrir sig að hafa verið aðalmarkvörður íslenska landsliðsins í nýliðinni undankeppni HM 2014 sem gekk svo vel. Hannes æfði einmitt með Sandnes Ulf eftir að tímabilinu lauk hér á landi til að halda sér í formi fyrir umspilsleikina gegn Króatíu.

„Sú vika vó þungt enda stóð ég mig vel á æfingum og náði að sýna úr hverju ég er gerður. Í gegnum tíðina hefur verið mikið af símtölum og þreifingum hjá hinum ýmsu félögum en sá áhugi hefur ávallt fjarað út. Áhuginn hjá Sandnes Ulf risti dýpra og þeir voru tilbúnir að ganga langt til að fá mig.“

> **Nú ætla ég að einbeita mér að fótbolta og lifa rólegra lífi. Það hefur verið mikil keyrsla á mér síðastliðin ár.**
>
> *Hannes Þór Halldórsson*

Hannes verður þrítugur á næsta ári og á því mörg ár eftir í boltanum ef allt gengur að óskum. „En það er alveg ljóst að þetta mátti ekki koma mikið síðar. Ég held að ég sé nú á leiðinni í mín bestu ár sem markvörður og þessi félagaskipti veita mér þá hvatningu sem ég þurfti. Ég átti þrjú frábær ár hjá KR þar sem ég bætti mig mikið en ef ég hefði ekki farið nú hefði verið hætt við stöðnun hjá mér. KR-ingar sýndu því mikinn skilning og studdu ákvörðun mína.“

Hannes hefur getið sér gott orð sem leikstjóri en nú fara þau mál öll í biðstöðu. „Nú ætla ég að einbeita mér að fótbolta og lifa rólegra lífi. Það hefur verið mikil keyrsla á mér síðastliðin ár og kærkomið að geta einbeitt sér að fótboltanum og fá aðeins að draga andann. Ég ætla að taka mér Gulla [Gunnleif Gunnleifsson] til fyrirmyndar og verða betri með hverju árinu sem líður.“

eirikur@frettabladid.is



**Á ÚTLEIÐ** Hannes Þór Halldórsson fagnar hér Íslandsmeistaratitli KR í sumar með Gary Martin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fetar í fótspor Birkis og Bjarna

Hannes Þór Halldórsson er þriðji aðalmarkvörður A-landsliðsins sem fer í atvinnumennsku til Noregs eftir að hafa spilað allan sinn feril fram að því á Íslandi. Bjarni Sigurðsson fór til Brann árið 1985, þá 25 ára, og Birkir Kristinsson samdi einnig við Brann árið 1996 þegar hann var 32 ára.

Bjarni var eins og Hannes markvörður Íslandsmeistaraliðs þegar hann gerðist atvinnumaður í fyrsta sinn eftir tímabilið 1984. Bjarni hafði þá hjálpað ÍA að vinna tvöfalt og var kosinn leikmaður ársins eftir sumarið. Bjarni lék hjá Brann til ársins 1988.

Birkir var búinn að spila 200 leiki í efstu deild á Íslandi þegar hann fór út í atvinnumennsku eftir 1995-tímabilið. Hannes hefur leikið 147 leiki með Fram og KR í úrvalsdeild karla. Birkir var í tvö ár hjá Brann en seinna árið var hann varamarkvörður. - óój






**SKORAR OG SKORAR** Aaron Ramsey og félagar í Arsenal fagna. NORDICPHOTOS/GETTY

# Níu leikir í beinni

Allir leikir kvöldsins í enska boltanum verða sýndir.

**FÓTBOLTI** Alls fara níu leikir fram í ensku úrvalsdeildinni í kvöld en knattspyrnuáhugamenn hér á landi eru í þeirri einstöku aðstöðu að geta valið á milli þeirra allra. Tveir þeirra eru sýndir í ólæstri dagskrá.

„Við eigum rétt á að sýna alla leikina í beinni útsendingu og við viljum gera allt sem við getum til að nýta það,“ sagði Hjörvar Hafliðason, dagskrárstjóri Stöðvar 2 Sports. „Það gefur augaleið að við eigum ekki nógu margar hliðarrásir á sportinu til að sýna alla leikina og því fáum við aðstoð til að geta boðið upp á alla leikina. Arsenal, besta liðið á Englandi í dag, verður til að mynda í ólæstri útsendingu á Stöð 3 og einn leikur verður einnig sýndur á Vísi,“ segir Hjörvar en bendir á að aðeins þeir sem eru staddir á Íslandi geta horft á leikina á Vísi.

### LEIKIR KVÖLDSINS

| | |
|---|---|
| 19.45: STOKE - CHELSEA | SPORT HD |
| 19.45: MAN. UTD. - EVERTON | SPORT 2 HD |
| 19.45: LIVERPOOL - NORWICH | SPORT 3 |
| 20.00: FULHAM - TOTTENHAM | SPORT 4 |
| 20.00: WBA - MAN. CITY | SPORT 5 |
| 19.45: STOKE - CARDIFF | SPORT 6 |
| 19.45: ARSENAL - HULL | STÖÐ 3 |
| 19.45: S'TON - ASTON VILLA | VÍSIR.IS |
| 19.45: SWANSEA - NEWCASTLE | CHELSEA TV |

Þá verður viðureign Swansea og Newcastle sýnd á Chelsea TV en sú rás er opin öllum áskrifendum Stöðvar 2 Sports.

Hjörvar segir spennandi tíma framundan í desembermánuði í ensku úrvalsdeildinni. „Fyrir mér hefur deildin aldrei verið jafn spennandi. Það sést best á því að liðin sem eru í 8. [Manchester United] og 9. sæti [Tottenham] eiga enn möguleika á meistaratitlinum.“ - esá

**Aðalfundur knattspyrnudeildar Fylkis**

Aðalfundur knattspyrnudeildar Fylkis verður miðvikudaginn 18. desember 2013 kl. 20:30 í Fylkishöll.

Stjórn knattspyrnudeildar

FYLKIR




GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 20.35
**Kolla**

Vandaður en fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns sem spjallar við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.



### Svínasúpan
**STÖÐ 2 GULL KL. 21.25** Frábærir grínþættir í leikstjórn Óskars Jónassonar. Leikendur eru Auðunn Blöndal Kristjánsson, Sverrir Þ. Sverrisson, Pétur Jóhann Sigfússon, Sigurjón Kjartansson, Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, Edda Björg Eyjólfsdóttir og Jón Gnarr.



### Neyðarvaktin
**SJÓNVARPIÐ KL. 20.00** Chicago Fire II er bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago. Meðal leikenda eru Jesse Spencer, Taylor Kinney, Lauren German og Monica Raymund.



### Sunderland - Chelsea
**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.35** Bein útsending frá leik Sunderland og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.

### X-ið kl. 07.00
**Harmageddon**

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 7-10. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag. Harmageddon er eins alvarlegur og hann er fyndinn.




# Hitablásarar



Rafmagnshitablásari 2Kw 1 fasa **6.990**

Rafmagnshitablásari 3Kw 1 fasa **8.990**

Rafmagnshitablásari 5Kw 3 fasa **12.990**

Rafmagnshitablásari 2Kw **1.890**

Rafmagnshitablásari 9Kw 3 fasa **17.990**

15 metra rafmagnssnúra **2.995**

Rafmagnshitablásari 15Kw 3 fasa **28.890**

Klettháls Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Vestmannaeyjum

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm In The Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.20** **Spurningabomban**
**11.05** **Masterchef USA**
**11.50** **Grey's Anatomy**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Covert Affairs**
**13.45** **Chuck**
**14.30** **Last Man Standing**
**14.50** **Suburgatory**
**15.15** **Tricky TV**
**15.40** **Kalli kanína og félagar**
**16.00** **Fjörugi teiknimyndatíminn**
**16.25** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.16** **Veður**
**19.25** **Stelpurnar**
**19.45** **The Middle** *(4:24)*
**20.10** **Heimsókn** Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opnað heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum.
**20.35** **Kolla** Vandaður en fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns sem spjallar við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.
**21.10** **Lærkevej** *(1:12)* Skemmtileg, dönsk þáttaröð með blöndu af gamni og alvöru. Hún fjallar um þrjú systkin sem þurftu að flýja frá Kaupmannahöfn og fara huldu höfði í rólegu úthverfi.
**21.50** **Touch** *(3:14)*
**22.35** **The Blacklist** *(9:13)*
**23.25** **Person of Interest** *(16:22)*
**00.10** **NCIS. Los Angeles**
**00.55** **Normal Adolescent Behaviour**
**02.30** **Sex Drive**
**04.20** **The Tenants**
**05.55** **The Middle**

## SPORT
*besta sætið*

**15.00** **Sportspjallið**
**15.45** **Meistaradeild Evrópu. Arsenal - Marseille**
**17.25** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**17.55** **England - Chile**
**19.35** **Sunderland - Chelsea** Bein útsending
**21.40** **Meistaradeild Evrópu. Bayer Leverkusen - Man. Utd.**
**23.20** **Real Madrid - Real Valladolid**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**12.30** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**13.25** **Crystal Palace - West Ham**
**15.05** **Norwich - Crystal Palace**
**16.45** **West Ham - Fulham**
**18.25** **Messan**
**19.35** **Man. Utd. - Everton** Bein útsending
**21.40** **Tottenham - Man. Utd.**
**23.20** **Liverpool - Norwich**
**01.00** **Man. Utd. - Everton**
**02.40** **Arsenal - Hull**

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og kennsla. **21.00** Fasteignaflóran **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**15.40** **The X-Factor US**
**17.45** **Bunheads**
**18.30** **Bob's Burgers**
**18.50** **Junior Masterchef Australia** *(13:16)*
**19.40** **Arsenal - Hull** Bein útsending frá leik Arsenal og Hull City í ensku úrvalsdeildinni.
**21.45** **Sleepy Hollow** *(3:13)*
**22.30** **Shameless** *(12:12)*
**23.20** **The Tudors** *(2:10)*
**00.15** **Junior Masterchef Australia**
**01.05** **Sleepy Hollow**
**01.50** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**06.59** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **07.04** Áfram Diego, áfram! **07.28** Svampur Sveins **07.50** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Ævintýri Tinna **08.22** Brunabílarnir **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Lukku-Láki **09.24** Ofurhundurinn Krypto **09.45** Latibær **10.00** Dóra könnuður **10.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Hvellur keppnisbíll **10.55** UKI **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.48** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Ævintýri Tinna **12.22** Brunabílarnir **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Lukku-Láki **13.24** Ofurhundurinn Krypto **13.45** Latibær **14.00** Dóra könnuður **14.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Hvellur keppnisbíll **14.55** UKI **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.48** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Ævintýri Tinna **16.22** Brunabílarnir **16.47** Ævintýraferðin **17.00** Lukku-Láki **17.24** Ofurhundurinn Krypto **17.45** Latibær **18.00** Dóra könnuður **18.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Hvellur keppnisbíll **18.55** UKI **19.00** Pétur og kötturinn Brandur 2 **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**16.55** **Strákarnir**
**17.25** **Friends**
**17.45** **Seinfeld**
**18.10** **Modern Family**
**18.35** **Two and a Half Men**
**19.00** **Ameríski draumurinn** *(1:6)*
**19.45** **MasterChef Ísland** *(1:9)* Frábærir þættir þar sem íslenskir áhugakokkar fá að reyna fyrir sér í matargerð en fjöldi fólks skráði sig til leiks.
**20.35** **Spurningabomban** *(1:21)* Logi Bergmann Eiðsson stjórnar þessum stórskemmtilega spurningaþætti.
**21.25** **Svínasúpan** *(1:8)* Frábærir grínþættir í leikstjórn Óskars Jónassonar.
**21.50** **Ástríður** *(1:10)* Nú eru liðin tvö ár frá því við skildum við Ástríði og félaga. Ástríður er nú orðin forstjóri skilanefndar fjárfestingabanka í borginni en undirmenn hennar eru fyrrum vinnufélagarnir Fanney, Sveinn Torfi og Bjarni.
**22.20** **Steindinn okkar** *(1:8)*
**22.45** **Atvinnumennirnir okkar**
**23.25** **Auddi og Sveppi**
**00.10** **Ameríski draumurinn**
**00.53** **MasterChef Ísland**
**01.38** **Spurningabomban**
**02.28** **Svínasúpan**
**02.53** **Ástríður**
**03.23** **Steindinn okkar**
**03.48** **Atvinnumennirnir okkar**
**04.28** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.55** **African Cats**
**13.25** **Spy Next Door**
**15.00** **The King's Speech**
**16.55** **African Cats**
**18.25** **Spy Next Door**
**20.00** **The King's Speech**
**22.00** **Paul**
**23.45** **The Runaways**
**01.30** **Rise Of The Planet Of The Apes**
**03.15** **Paul**

## RÚV

**16.40** **360 gráður**
**17.10** **Vasaljós**
**17.33** **Verðlaunafé**
**17.35** **Jóladagatalið - Jólakóngurinn** *(4:24) (Julekongen)* Karvel er níu ára og býr í Silfurskógi með fjölskyldu sinni. Hann hefur ákveðið að jólin í ár verði betri en nokkru sinni fyrr. Margt getur komið í veg fyrir að það rætist og þess vegna hefur hann undirbúið sig sérstaklega vel.
**17.58** **Nína Pataló**
**18.05** **Táknmálsfréttir**
**18.15** **Djöflaeyjan**
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.00** **Neyðarvaktin** *(5:22) (Chicago Fire II)*
**20.45** **Sumarævintýri Húna** *(2:4) (Saga Húna og björgun)* Í öðrum þættinum um Sumarævintýri Húna verður áherslan á bátinn sjálfan og björgun hans frá eyðileggingu. Dagskrárgerð. Janus Bragi Jakobsson, Margrét Blöndal og Felix Bergsson. Framleiðandi. Stórveldið. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**21.10** **Kiljan**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Fimm brotnar myndavélar** *(5 Broken Cameras)* Verðlaunuð heimildarmynd um palestínskan bónda og ofbeldislausan mótþróa hans og nágranna hans gegn gerðum Ísraelshers.
**23.50** **Kastljós**
**00.10** **Fréttir**
**00.20** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.10** **Pepsi MAX tónlist**
**17.25** **Family Guy**
**17.50** **Dr. Phil**
**18.30** **Kitchen Nightmares**
**19.20** **Parks & Recreation** *(14:22)*
**19.45** **Cheers** *(23:26)*
**20.10** **Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course** *(17:20)*
**20.40** **Borð fyrir fimm - LOKAPÁTTUR** *(8:8)* Bráðskemmtilegir þættir þar sem Siggi Hall, Svavar Örn og vínsérfræðingurinn Alba kíkja í matarboð heim til fólks og meta kosti þess og galla. Í þessum lokaþætti kemur í ljós hvaða par stendur uppi sem sigurvegari í þáttunum Borð fyrir fimm.
**21.10** **In Plain Sight** *(5:8)* Spennuþáttaröð sem fjallar um hina hörkulegu Mary og störf hennar fyrir bandarísku vitnaverndina. Dragdrottning fer í dulargervi til þess að komast óséð framhjá stórhættulegum mönnum með aðstoð vitnaverndarinnar.
**22.00** **Ray Donovan** *(11:13)*
**22.50** **CSI Miami** *(11:24)*
**23.40** **Sönn íslensk sakamál**
**00.10** **Dexter**
**01.00** **Borð fyrir 5**
**01.30** **Ray Donovan**
**02.20** **How to be a Gentleman**
**02.45** **Excused**
**03.10** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.10** Golfing World **09.00** OHL Classic 2013 **12.00** OHL Classic 2013 **15.00** OHL Classic 2013 **18.00** Golfing World **18.50** OHL Classic 2013 **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film 1987 **23.50** Eurosport


LANDSSAMBAND SLÖKKVILIÐS- OG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA

**Landssamband Slökkviliðs- og Sjúkraflutningamanna boðar til ráðstefnu um;„Viðbrögð vegna flugslysa á alþjóðlegum flugvöllum á Íslandi"**

**Hótel Natura 5. desember kl. 13:00–17:00**

M.a. verða umræður um þær breytingar sem hafa verið gerðar á björgunar- og slökkviþjónustu á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli á síðustu árum. Hvernig hefur til tekist og hvert stefnir?

Á dagskrá eru erindi frá LSS, Isavia ohf, slökkviliðsmönnum, sveitarfélögunum, FFR og Flugslysanefnd auk erlends fyrirlesara.

Nánar á heimasíðunni www.lsos.is



Vissir þú að...

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt á aðstoð og hjálp ef þau lenda í ofbeldi


## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |



útivistar jól
Full búð af spennandi vörum fyrir útivistarfólk á öllum aldri.
Þú finnur allar okkar vörur ásamt ýtarlegum upplýsingum á www.ggsjosport.is
UK SL3 eLED 125 lum
Hið fullkomna vasaljós
Vatnshelt, bjart ljós með langan líftíma en jafnframt lítið og meðfærilegt.
Öll ljós frá UK eru með lífstíðarábyrgð.
15.290 kr.
Láttu sjá þig!
Vatnsheld öryggisljós í alla útiveru.
Þrjár tegundir af festingum að verðmæti 9.580 kr. fylgja frítt með á meðan birgðir endast.
9.790 kr.
Boll Trailhead
30L bakpoki sem hentar bæði í skólann eða í styttri göngur.
18.900 kr.
Duffel 90L
Sterkur/vatnsheldur
19.900 kr.
OSPREY
Bakpokar
Við erum sérfræðingar í bakpokum
komdu og mátaðu,- þú finnur muninn.
Kestrel
38L
31.900 kr.
48L
34.900 kr.
58L
37.900 kr.
Mutant
38L
27.900 kr.
Við eigum allt í sjósundið
Xenith (herra)
75L
64.900 kr.
Xena (dömu)
70L
64.900 kr.
Escapist 20L
21.900 kr.
Talon4
11.900 kr.
Patrol
Svefnpoki fyrir krakka, hægt að stækka og vex því með barninu.
19.900 kr.
Göngubelti
7.490 kr.
Hálkubroddar
7.900 kr.
Mannbroddar
12 punkta
19.900 kr.
Lumex Pro höfuðljós
með baklýsingu, -margar stillingar
14.900 kr.
Fjallahjálmur
11.900 kr.
Vatnsheldar legghlífar, framrenndar
8.490 kr.
Fisléttir göngustafir úr koltrefjum
17.690 kr.
Gönguöxi með fetli
16.900 kr.
Microfiber svefnpokar frá BOLL
Karma+ Léttur svefnpoki þegar hvert gramm telur ef napurt getur orðið.
21.490 kr.
Magma+ -23° C góður 3ja árstíða poki, frábær í tjaldferðina eða skálann.
29.900 kr.
Dry Case Vandað þurrhulstur sem hægt er að lofttæma og taka fullkomnar myndir með smartsímanum.
7.890 kr.
DRY BUDS
Vatnsheld heyrnatól með míkrafón
9.890 kr.
Ertu klár í bleytuna!
SealSkinz® vatnsheldar ullarvörur sem hafa slegið í gegn, 100% vatnshelt.
SealSkinz
SealSkinz hanskar, sokkar og húfur halda þér algjörlega þurrum.
Nýtt, nú einnig fyrir krakkana!
Frábært í reiðtúrinn, skokkið, skotveiðina, sjósportið, fjallaferðina og alla útivist
REYKJANESBRAUT / SÆBRAUT
DUGGUVOGUR
SÚÐARVOGUR
KNARRARVOGUR
GG-Sjósport
-sérverslun fyrir göngugarpa og sjósportið
Súðarvogi 42, 104 Reykjavík sími: 571 1020 • www.ggsjosport.is
Minnum á vinsælu gjafakortin okkar
ISLANDER Sit On Top á forpöntunarafslætti
islander

**DRYKKURINN**



**„Uppáhaldið í augnablikinu er Jólakaldi vegna þess að happy hour er ómissandi hluti af jólafríinu.“**

Inga Dóra Pétursdóttir, framkvæmdastýra UN Women á Íslandi.

# Sísý Ey á Sónar í Stokkhólmi

## Hljómsveitin fetar í fótspor Jons Hopkins, Pauls Kalbrenner og James Holden.

„Þetta er frábært, við hlökkum mikið til og það er mikill heiður fyrir okkur að fá að koma fram þarna,“ segir Elísabet Eyþórsdóttir tónlistarkona og meðlimur í hljómsveitinni Sísý Ey, sem spila á Sónar-hátíðinni í Stokkhólmi dagana fjórtánda og fimmtánda febrúar á næsta ári. Hljómsveitina skipa þrjár systur, þær Elísabet, Sigríður og Elín Eyþórsdætur, ásamt Friðfinni Oculus. Áður hafa listamenn á borð við Jon Hopkins, Paul Kalkbrenner og James Holden staðfest komu sína á hátíðina.

Red Bull fjármagnar að mestu Sónar í Stokkhólmi en hluti af því samkomulagi er að íslenskir tónlistarmenn komi fram á hátíðinni í Stokkhólmi. „Sísý Ey kom fram á Sónar í Barselóna og fékk frábærar viðtökur og ekki voru viðtökurnar síðri á Sónar í Reykjavík. Það er líka frábært að Sónar Reykjavík geti stutt íslenskar hljómsveitir við það að koma fram erlendis,“ segir Björn Steinbekk, framkvæmdastjóri Sónar Reykjavík.

Aðspurð um móralinn í hljómsveitinni segir Elísabet hann með eindæmum góðan. „Það er enginn rígur á milli okkar systra og það gengur allt rosalega vel,“ segir Elísabet, sem hefur þá komið fram á þremur Sónar-hátíðum á einu ári.

Sveitin vinnur nú að nýju efni en stefnt er á plötuútgáfu á nýju ári. Þá mun sveitin meðal annars koma fram á tónlistarhátíðunum Eurosonic í Hollandi og Bylarm í Noregi á næsti ári. - glp



**SÍSÝ EY Á SÓNAR Í BARSELÓNA** Systrabandið Sísý Ey kom meðal annars fram á Sónar í Barselóna í sumar. MYND/EINKASAFN

# Tilvist án kærleika ekki góður staður

## Tolli gefur þingmönnum Kærleikshandbókina.



**GJAFMILDUR** Tolli segir kærleikann ekki aðeins trúarlegt hugtak. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þorlákur Morthens, eða listamaðurinn Tolli eins og hann er oft kallaður, ætlar að afhenda formönnum þingflokka Kærleikshandbókina í dag. Tolli segir að textinn fjalli um kærleikann á fræðilegan hátt en ekki á þennan venjubundna trúarlega hátt. „Það er auðveldara að tengja sig kærleikanum ef maður hefur vitneskju um að hann sé til sem eiginleiki en ekki einungis trúarlegt hugtak.“

Hann álítur það einfalda og áhrifaríka leið til að koma skilaboðunum áleiðis að gefa þingmönnum bókina. „Þeir eru á þessum vettvangi þar sem verið er að taka ákvarðanir um það sem ber að gera.“ Hann telur einnig að lestur bókarinnar sé þingmönnum hollur undirbúningur fyrir framtíðina. „Pólitík framtíðarinnar mun meira og meira beinast inn á við og menn leita lausna í því hvernig við erum frekar en hvernig umhverfi okkar er.“ Það þykir honum vera heillaþróun. „Tilvist án kærleika er ekki góður staður til að vera á.“ - ue






**ÓVÆNT ÁNÆGJA** Andrea segir það hafa komið henni ánægjulega á óvart hversu vel hefur gengið með ilmvötnin í Rússlandi. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Rússar spenntir fyrir íslenskum ilmvötnum

## Andrea Maack ilmhönnuður var í Moskvu þar sem hún kynnti vörur sínar hjá einum voldugasta verslunarrisa þar í borg. Hún segir Rússa kraftmikla fagurkera.

„Við erum nýkomin frá Moskvu þar sem við vorum að heimsækja samstarfsmenn okkar og tala við pressuna,“ segir Andrea Maack, myndlistarkona og ilmhönnuður, en vörur Andreu hafa slegið rækilega í gegn þar í landi. „Við héldum móttökur í þremur risastórum verslunum, meðal annars versluninni Tsum í Moskvu sem er einn voldugasti verslunarrisinn þar í borg,“ segir Andrea, en Tsum er stærsta deildaskipta sérvöruverslunin í Austur-Evrópu, með yfir þúsund þekkt tískumerki á sínum snærum, meðal annars merki á borð við Harry Winston, Rolex, Dior, Chanel og svo mætti lengi telja. Auk þess er að finna í versluninni veitingastaði, vindlastofu og Veuve Clicquot-kampavínsbar, svo eitthvað sé nefnt.

„Það er rosalega gaman að sjá hvað við erum að fá góðar viðtökur í Rússlandi. Sannarlega óvænt ánægja,“ segir Andrea jafnframt.

Andrea var einnig með kynningar í verslununum Gum og Vesna. „Þetta eru allt æðislegar verslanir og heiður fyrir mig að komast að þarna. Það er svo ótrúlega gaman að upplifa Moskvu – það er rosa kraftur í öllum og öllu. Rússar eru svo miklir fagurkerar. Borgin er rosalega falleg og svo fundum við fyrir svo miklum áhuga og velvilja í garð Íslands,“ bætir Andrea við.

Andrea er nú komin aftur til Ítalíu þar sem hún starfar um þessar mundir. „Ég ætla bara að halda áfram á meðan það gengur svona vel,“ segir Andrea hógvær, en ilmvötn hennar eru nú fáanleg í yfir tuttugu löndum, allt frá Evrópu, til Bandaríkjanna til Mið-Austurlanda. Erlend pressa hefur einnig sýnt Andreu mikinn áhuga og fjallað hefur verið um Andreu í þekktum glanstímaritum á borð við Marie Claire, Costume, Elle og Vogue svo einhver séu nefnd.

olof@frettabladid.is



**Á FJÖLMIÐLAFUNDI** Andrea sést hér tala við pressuna í Rússlandi. MYND/ÚR EINKASAFNI

### → Ilmhönnuðurinn Andrea Maack

**Andrea Maack er fædd árið 1977.** Hún útskrifaðist úr myndlistadeild Listaháskóla Íslands árið 2005. Andrea stofnaði fyrirtækið ANDREA MAACK PARFUMS formlega árið 2010, en fyrirtækið er íslenskt ilmvatnshús sem á uppruna sinn að rekja til myndlistarsýninga hennar.

**Árið 2010 voru þrjú ilmvötn sett á markaðinn á Íslandi.** Í framhaldinu hófst öflug markaðssetning erlendis og hefur fjórum ilmvötnum verið bætt við flóruna. Varan er nú seld í yfir hundrað verslunum í Evrópu og Bandaríkjunum og þótt víðar væri leitað.

**Samstarf Andreu við ilmvatnsgerðarmennina** (perfumera) er óvenjulegt að því leytinu til að þau vinna saman í að blanda ilmvötn út frá hugarheimi og myndlistarverkum hennar, en hver ilmur frá Andreu kominn er byggður á einhverju verka hennar.

**„Það er rosalega gaman að sjá hvað við erum að fá góðar viðtökur í Rússlandi. Sannarlega óvænt ánægja.“**

*Andrea Maack*

ambi light

# PHILIPS AMBILIGHT SJÓNVARP

## FYRIR LJÓMANDI LITRÍKA UPPLIFUN

**Philips Ambilight** er einstök, einkaleyfavarin tækni sem einungis er fáanleg frá Philips. Ambilight framlengir og dreifir ljósinu og litunum sem eru á skjánum með LED perum út á vegginn fyrir aftan tækið. Þetta gefur stærri og sterkari upplifun og fer vel með augun. Ambilight er erfitt að lýsa og þarf að upplifa en langflestir viðskiptavina okkar sem eiga Philips Ambilight sjónvarp gætu ekki hugsað sér að vera án Ambilight tækninnar.




## FÁÐU NÝJUSTU UPPFINNINGUNA FRÁ PHILIPS MEÐ Í KAUPUNUM!

Við kaup á sjónvarpi með Ambilight 3 fylgja HUE WiFi ljósaperur með að verðmæti 37.999 krónur.*




*Tilboðið gildir til 24.12.2013 af Philips 7000, 8000 eða 9000 seríu sjónvarpi.

**Philips HUE** má líkja við altæka heimabíó upplifun á ljósi. Kerfið inniheldur tvær perur sem eru samstilltar Ambilight ljósinu frá sjónvarpinu gegnum þráðlaust net og magna þannig upplifun þína heilt yfir í rýminu.

85 YEARS AS A LEADING TV BRAND

PHILIPS

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, **ritstjorn@frettabladid.is** **AUGLÝSINGADEILD** **auglysingar@frettabladid.is** **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Helgi Björns orðinn afi



Orri Helgason, sonur stórsöngvarans **Helga Björnssonar**, eignaðist stúlkubarn með sinni heittelskuðu, hönnuðinum Kristínu Maríellu, aðfaranótt mánudags. Þetta er fyrsta barn Orra og Kristínar og jafnframt fyrsta afabarn Helga Björnssonar. Þetta er því annasöm vika hjá söngvaranum því í dag fagnar hann útgáfu plötunnar Helgi syngur Hauk á Hótel Borg. **- ósk**

### Jeppi sprengir utan af sér



Leiksýningin Jeppi á Fjalli flytur í stærra húsnæði eftir áramót, í Gamla bíó. Fyrirhugað var að ljúka sýningum fyrir jól en til að koma til móts við mikla aðsókn hefur sýningum verið bætt við. Þrátt fyrir aukavinnuna er nóg um að vera hjá aðalleikurum í verkinu. Brynhildur Guðjónsdóttir kemur þannig í stað **Ilmar Kristjánsdóttur** sem á von á barni í blábyrjun árs og Ingvar E. fer í nýtt verkefni í febrúar, sem mikil leynd hvílir yfir. Þá er spurning hvort Ingvar feti í fótspor Ólafs Darra og taki að sér hlutverk í erlendri stórmynd? **- ósk**

## Mest lesið VÍSIR

1. Tifandi tímasprengjur um land allt segir systir byssumanns í Hraunbæ
2. Herfileg niðurstaða úr nýrri PISA-könnun
3. Atvinnulausir fengu enga jólauppbót
4. Reyndi að brjótast inn í tölvukerfi fleiri fyrirtækja
5. Snertimark aldarinnar | Myndband





